FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
97. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
MIÐVIKUDAGUR 26. APRÍL 2017

Glitnir hyggst greiða 2.700 milljóna bónus til lykilmanna

Greiðslur vegna bónusa til þriggja stjórnarmanna eru áætlaðar um 2.000 milljónir króna. Aðrir lykilstjórnendur Glitnis HoldCo, meðal annars nokkrir íslenskir starfsmenn, fá samtals um 700 milljónir í sinn hlut. Stærsti hluthafi Glitnis er Taconic Capital.

VIÐSKIPTI Eignarhaldsfélagið Glitnir HoldCo áætlar að bónusgreiðslur til handa stjórnarmönnum og lykilstarfsmönnum verði samanlagt 22,85 milljónir evra, jafnvirði 2,7 milljarða króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Glitnis, sem hefur ekki verið gerður opinber en Markaðurinn hefur undir höndum, en nokkrir íslenskir stjórnendur munu fá samanlagt um fjórðung upphæðarinnar, eða sem nemur um 700 milljónum.

Bróðurparturinn af áætluðum bónusgreiðslum Glitnis, eða um 74 prósent, fellur hins vegar aðeins þremur stjórnarmönnum félagsins í skaut. Stjórn Glitnis er skipuð erlendum ríkisborgum og munu greiðslur og launatengd gjöld félagsins því að óbreyttu nema um tveimur milljörðum vegna bónusa til þeirra. Sá bónus sem stjórnarmennirnir geta því vænst að fá að meðaltali í sinn hlut á mann nemur yfir 600 milljónum. Afgangurinn af bónuspottinum fer til íslenskra lykilstjórnenda en þar munar mest um greiðslur til Ingólfs Haukssonar, forstjóra Glitnis HoldCo, Snorra Arnars Viðarssonar, forstöðumanns eignastýringar, og Ragnars Björgvinssonar yfirlögfræðings.

Markaðurinn greindi fyrst frá því í lok janúar að umfangsmikið bónuskerfi Glitnis, sem var samþykkt á hluthafafundi í mars 2016, hefði nýlega virkjast og að stjórnendur félagsins væru búnir að vinna sér inn bónusgreiðslur sem næmu samtals á bilinu 875 til 1.525 milljónum, samkvæmt útreikningum blaðsins á þeim tíma. Ljóst var hins vegar að bónuspotturinn ætti eftir að stækka talsvert samhliða frekari útgreiðslum til skuldabréfaeigenda á árinu. Núna liggur fyrir, samkvæmt áætlunum Glitnis, að heildarbónusgreiðslur, ásamt launatengdum gjöldum, verði sem fyrr segir um 23 milljónir evra.

23

milljónir evra sem Glitnir áætlar í bónus er sama upphæð og Gamli Straumur greiddi í bónusa til starfsmanna í desember 2015.

Fram kemur í ársreikningi Glitnis að laun og þóknanir til stjórnarmanna og forstjóra Glitnis hefðu verið samtals um 230 milljónir króna á árinu 2016. Aðalfundur Glitnis HoldCo fer fram í dag, miðvikudag, en samkvæmt tillögum sem hafa verið lagðar fyrir fundinn, og Markaðurinn hefur undir höndum, er lagt til að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt frá fyrra ári. Þannig mun Bretinn Mike Wheeler því fá 525 þúsund evrur á ári fyrir sín stjórnarstörf en Daninn Steen Parsholt og Norðmaðurinn Tom Grøndahl fá hvor um sig 350 þúsund evrur.

Á meðal stærstu hluthafa Glitnis er vogunarsjóðurinn Taconic Capital, sem keypti nýlega 9,99 prósenta hlut í Arion banka, og sjóður í eigu hins heimsþekkta fjárfestis George Soros. **– hae / sjá Markaðinn**

Barnamenningarhátíð var sett í sjöunda sinn í Hörpu í gær. Um 1.600 fjórðu bekkingar mættu og sungu og síðar 700 leikskólabörn. Barnamenningarhátíð verður haldin dagana 25. til 30. apríl næstkomandi. Markmið hátíðarinnar er að efla menningarstarf barna og ungmenna í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Helgi Sæmundur og Arnar Þór

Úlfur Úlfur með óvænta plötu

TÓNLIST Úlfur Úlfur gefur út plötuna Hefðin okkar á föstudaginn öllum að óvörum. Í gær gaf rappdúettinn út þrjú myndbönd sem öll eru við lög af plötunni.

„Við gerðum það sama með þessi myndbönd og plötuna sem kemur á föstudaginn – við þögðum einfaldlega," segir Arnar Freyr Frostason, annar meðlimur Úlfs Úlfs.

– sþh / sjá bls. 30

Kaupa helmingshlut í Stoðum

VIÐSKIPTI Íslenskir fjárfestar ásamt TM hafa keypt rúmlega 50% hlut í eignarhaldsfélaginu Stoðum, áður FL Group, af Glitni HoldCo og erlendum fjármálastofnunum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fyrir kaupin var Glitnir stærsti hluthafi Stoða með 40 prósent en helsta eign félagsins er 8,87 prósenta hlutur í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Gerber sem er skráður á markað í Hollandi.

Auk TM samanstendur kaupendahópurinn af félögum á vegum Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra FL Group, Einari Erni Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, Örvari Kjærnested, fjárfesti og stjórnarmanni í TM, og Magnúsi Ármanni Jónssyni, fjárfesti og fyrrverandi stjórnarmanni í FL Group. Jón hefur setið í stjórn Refresco frá árinu 2009.

7-8

milljarðar króna er líklegt kaupverð fyrir hlutinn.

Ekki fást upplýsingar um hvað greitt var fyrir hlutinn en miðað við gengi bréfa Refresco Gerber er markaðsvirði þess um 170 milljarðar króna. Kaupverðið á ríflega helmingshlut í Stoðum, en nánast eina eign þess er 8,87% hlutur í Refresco Gerber, gæti því verið um sjö til átta milljarðar króna. Hlutur Stoða í Refresco var bókfærður á 12,7 milljarða í árslok 2016 en gengi bréfa félagsins hefur hækkað í verði um meira en tuttugu prósent í þessum mánuði. **– hae**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Baldvin Þorsteinsson vill stjórnendur burt úr Seðlabankanum. 14

SPORT Þessi lið sigla lygnan sjó í Pepsi-deild karla í sumar. 16

MENNING Barnamenningin blómstrar í borginni, Kópavogi og á Seltjarnarnesi. 22

LÍFIÐ Fyrirsætan Manuela Ósk Harðardóttir er hætt á samfélagsmiðlinum Snapchat. 30

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● MARKAÐUR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ALLT FYRIR ÚTSKRIFTINA
Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Suðvestlæg átt og rakt víðast hvar sunnan og vestantil en vorveður með sólarglennum og hita allt að 14 stigum austan og suðaustanlands í dag. SJÁ SÍÐU 20

Baldvin Þorsteinsson, sonur Þorsteins Más, skrifar grein sem birt er í Fréttablaðinu í dag.

Sonurinn sakar Seðlabankann um aðför

DÓMSMÁL Seðlabanki Íslands hefur ekki ákveðið hvort bankinn hyggist áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli útgerðarfélagsins Samherja gegn bankanum. Dómurinn ógilti fimmtán milljón króna stjórnvaldssekt sem Seðlabankinn hafði lagt á útgerðina vegna brota á reglum um gjaldeyrismál.

„Nú munu lögmenn bankans fara vandlega yfir dóminn og forsendur hans og að því loknu verður tekin ákvörðun um viðbrögð bankans," segir í svari Seðlabankans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Fram kemur í dómnum að Seðlabankinn hafði kært háttsemi Samherja til sérstaks saksóknara. Saksóknarinn hafði aftur á móti komist að þeirri niðurstöðu að Samherji gæti ekki borið refsiábyrgð á þeim brotum sem fyrirtækinu voru gefin að sök. Því yrði lögreglurannsókn á ætluðum brotum ekki hafin.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag sakar sonur Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, stjórnendur Seðlabankans um „fordæmalausa aðför" að Samherja. „Eftir allan lúðrablásturinn, alvarlegu ásakanirnar og margra ára málarekstur stendur ekkert annað eftir en mörg hundruð milljóna króna kostnaður bankans og hróplegt vanhæfi stjórnenda til að fara með stjórnsýsluvald," segir Baldvin Þorsteinsson. **– jhh**

Umsóknum um vernd fjölgar

HÆLISLEITENDUR Áttatíu og fimm einstaklingar sóttu um alþjóðlega vernd á Íslandi í mars. Til samanburðar sóttu 48 einstaklingar um vernd í sama mánuði á síðasta ári. Fjöldi umsókna á fyrstu þremur mánuðum þessa árs var samanlagt 223 eða rúmlega 60 prósent meiri en á sama tíma á síðasta ári að því er fram kemur í frétt á vef Útlendingastofnunar.

Það sem af er aprílmánuði hafa um 40 einstaklingar sótt um vernd og er heildarfjöldi umsókna á fyrstu 15 vikum ársins því kominn yfir 260. Áframhaldandi fjölgun umsókna það sem af er ári, samanborið við árið 2016, bendir til þess að heildarfjöldi umsókna um alþjóðlega vernd verði meiri í ár en í fyrra.

Umsækjendur í mars voru flestir frá Albaníu og Makedóníu, 54 prósent umsækjenda komu frá ríkjum Balkanskagans og voru 76 prósent umsækjenda karlkyns. **– sg**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

Sviðsettu umferðarslys í Hvalfjarðargöngunum

Viðamikil almannavarnaæfing fór fram í Hvalfjarðargöngum í fyrrinótt þar sem sviðsettur var árekstur nokkurra bíla og eldsvoði í kjölfarið. Fjöldi slökkviliðsmanna tók þátt í æfingunni sem og þyrla Landhelgisgæslunnar en hún selflutti björgunarmenn eftir þörfum. Æfingin þykir hafa tekist vel, en hún var hluti af undirbúningi vegna tilkomu Norðfjarðarganga og Vaðlaheiðarganga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stefnir á frekari frama bak við myndavélina

Ný auglýsing fyrir Pepsi-mörkin á Stöð 2 sport var frumsýnd í gær en höfundur hennar og leikstjóri er Auðunn Blöndal. Hann segir að lítið mál hafi verið að leikstýra flestum knattspyrnusérfræðingunum. Óskar Hrafn var erfiðastur.

SAMFÉLAG „Það blundar í mér að vera meira fyrir aftan myndavélina," segir Auðunn Blöndal en hann leikstýrði nýrri auglýsingu fyrir Pepsi-deildarmörkin sem sýnd eru á Stöð 2 Sport. Pepsi-deildin hefst með pompi og prakt á sunnudag og verður upphitunarþáttur í opinni dagskrá á föstudagskvöld.

Auglýsingin var frumsýnd í gær en þetta var fyrsta leikstjórnarverkefni Auðuns. Hann skrifaði að auki handritið.

„Að vera meira fyrir aftan myndavélina er eitthvað sem ég hef áhuga á. Það hefur komið með árunum og ef ég myndi fara að læra eitthvað núna þá væri það leikstjórn, ekki spurning," segir hann.

Auðunn hefur átt gott ár fyrir framan myndavélina og frammistaða hans í Asíska draumnum, Satt eða logið og Steypustöðinni hefur fest hann í sessi sem frábæran leikara.

Nú fór hann í leikstjórastólinn í fyrsta sinn og stýrði góðvini sínum Hjörvari Hafliðasyni, Herði Magnússyni, Óskari Hrafn Þorvaldssyni og Loga Ólafssyni sem munu stýra umfjöllun Stöðvar 2 Sport um Pepsi-deildina.

Auk þeirra koma Íslandsmeistarar FH við sögu og Víkingur úr Reykjavík þar sem nokkrir leikmenn bera á sér bossann í sturtu.

„Leikararnir fóru allir á kostum og voru hrikalega góðir. Ég hef alltaf sagt að Hörður sé til dæmis mun betri leikari en fólk áttar sig á," segir Auðunn en eins og flestir vita eru góð Hörður góð leikaragen í Herði en faðir hans, Magnús Ólafsson, er enn að slá í gegn á hvíta tjaldinu. „Óskar Hrafn var erfiðastur. Trúlega vegna þess að honum fannst óþægilegt að vera að leika.

Hjörvar var svo nokkuð auðveldur viðureignar," segir hann en þeim er vel til vina.

Fyrsti leikurinn sem verður sýndur á Stöð 2 Sport verður viðureign ÍA og FH á sunnudag en fyrstu Pepsi-mörkin rúlla af stað á verkalýðsdaginn, 1. maí, þegar fyrstu umferð lýkur. **benediktboas@365.is**

Sérfræðingar Pepsi-deildarinnar á Stöð 2 Sport, Hjörvar Hafliðason og Óskar Hrafn Þorvaldsson, sinn hvorum megin við umsjónarmanninn, Hörð Magnússon. MYND/SKJÁSKOT

> **Að vera meira fyrir aftan myndavélina er eitthvað sem ég hef áhuga á.**
>
> Auðunn Blöndal, leikari og leikstjóri

NISSAN

Innovation that excites

NÚ KEMSTU 250 KM Á EINNI HLEÐSLU

NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGI.

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meira drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

NISSAN LEAF VISIA 30kWh

Verð: 3.550.000 kr.

Bíll í mynd: Nissan Leaf Tekna, verð: 4.250.000 kr.

100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.

RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

30 kWh

250 km*

zero Emission

*Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM81276

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Fædd á Íslandi en koma í grunnskóla með litla þekkingu á íslensku

SAMFÉLAG Dæmi eru um að börn af erlendum uppruna sem fædd eru á Íslandi séu að koma inn í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu með litla sem enga þekkingu á íslensku máli samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði, segir þetta komi ekki endilega á óvart eftir því sem innflytjendum fjölgar. „Margt af þessu fólki sem kemur til landsins vill kannski læra íslensku en hefur ekki tækifæri til þess ef það er í fullri vinnu. Það má búast við að verði til hópar fólks sem læri ekki íslensku almennilega því hér er hægt að komast af með enskuna."

Eiríkur segir að krakkar af erlendum uppruna sem eru yngri en tíu til tólf ára geti náð fullkomnu valdi á íslensku máli, en þeir sem byrji seinna að læra nái venjulega ekki móðurmálsfærni í því.

„Þess vegna hafa menn talið að ef börn kæmu innan við sex til sjö ára til Íslands gætu þau náð valdi á

Eiríkur Rögnvaldsson, prófesssor í íslenskri málfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

málinu eins og innfæddir, en það er náttúrulega háð því að þau hafi nógu mikla íslensku í umhverfinu. Ef þau hafa það ekki eru þau ekki betur stödd en hin."

Almennar áhyggjur af íslenskukunnáttu barna hafa vart farið fram hjá neinum undanfarið og segir Eiríkur það sama eiga við um börn íslenskra foreldra og þeirra sem eru af erlendum uppruna að það geti gerst að þau fái ekki næga íslensku í umhverfi sínu til að byggja sér upp sterkt málkerfi. **– sg**

Segist hafa kysst Birnu í rauða Kia Rio bílnum

LÖGREGLUMÁL Blóð úr Birnu Brjánsdóttur fannst á úlpu Thomasar Møller, sem ákærður er fyrir að hafa banað Birnu þann 14. janúar síðastliðinn.

Í gögnum sem fréttastofa 365 hefur undir höndum kemur fram að við rannsókn lögreglu á úlpu Thomasar hafi fundist blóð úr Birnu auk þess sem rannsókn á öðrum fatnaði hans, sem hafði verið þveginn, sýndi að hann hafði komist í snertingu við töluvert magn af blóði.

Thomas hefur ávallt neitað sök í málinu. Hann viðurkenndi þó við fyrstu yfirheyrslu að hafa tekið Birnu upp í rauðu Kia Rio bifreiðina, en nefnir einnig aðra stúlku.

Fram kemur í gögnunum að Thomas hafi í kjölfarið ekið bifreiðinni að Polar Nanoq við Hafnarfjarðarhöfn. Þá hafi hinn skipverjinn sem var með honum í bílnum farið um borð í skipið, en Thomas hafi ekið með bílinn á annan stað í höfninni. Þar segist hann hafa stöðvaði bifreiðina og farið aftur í til stelpnanna og meðal annars kysst Birnu.

Samkvæmt myndbandsupptökum var Thomas í aftursæti bifreiðarinnar í um 50 mínútur og á þeim tíma er talið að hann hafi veitt Birnu áverka. Eftir þann tíma sést Thomas koma úr farþegasætinu aftur í, setjast fram í og aka burt, en klukkan er þá um sjö um morguninn. Thomas segist þá hafa ekið að hringtorgi í Vallahverfinu. Kvaðst hann hafa gert það að ósk stúlknanna tveggja, þær hafi farið út úr bílnum og hann ekki séð þær meir.

Aðalmeðferð í málinu fer líklega fram fyrir sumarfrí dómstóla í júlí. **– sg**

» Gæsluvarðhald yfir Thomasi Möller Olsen var framlengt í gær.

Andstæðingar í stjórnmálum sameinast í efa um rafrettumál

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Pírata gjalda varhug við frumvarpi heilbrigðisráðherra um að banna rafrettur. Með frumvarpinu er lagt til að sömu reglur gildi um sölu á rafsígarettum og um tóbak.

ALÞINGI „Finnst ráðherra þetta vera meðalhóf og eðlilegt frumvarp miðað við þær litlu rannsóknar sem liggja fyrir á skaðsemi þessara rafsígaretta? Og ef þetta er meðalhóf, væri þá ekki meðalhóf að veiða rjúpu með sprengju?" spurði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gær.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar, Vinstri grænna og Pírata sameinuðust í andstöðu við frumvarp Óttars Proppé heilbrigðisráðherra um rafsígarettur. „Það olli mér töluverðum vonbrigðum að sjá frumvarpið, að við séum enn og aftur að líta til boða, takmarkana og banna í stað forvarna. Og að það sé komið frumvarp um eitthvað tól sem ég taldi ekki skaðlegt," sagði Áslaug Arna jafnframt. Hildur Sverrisdóttir, flokksystir hennar, tók undir gagnrýni hennar.

„Mer finnst mjög dapurlegt að það eigi að fella lög um rafrettur undir tóbaksvarnalög," sagði Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, og spurði Óttar hvort hann væri opinn fyrir breytingum á frumvarpinu. Hann benti á að frumvarpið hefði sætt mikilli gagnrýni, ekki síst frá neytendum. Gunnar I. Guðmundsson, flokksbróðir Birgittu, gagnrýndi frumvarpið líka. „Væri ekki sniðugt að búa til sérlög um rafsígarettur þar sem þetta eru aðskildir hlutir og við viljum ekki vera með sérverslanir sem eru með tóbak og rafsígarettur á sama stað," sagði hann.

„Mínar megináhyggjur eru þær að okkar besta þekking í dag bendir til að þessar vörur séu þrátt fyrir allt talsvert hollari en þær vörur sem menn neyta í dag, sem eru venjulegar sígarettur. Þannig að jafnvel þótt neysla á nikótíni myndi eitthvað aukast þá væru heildaráhrifin hugsanlega jákvæð ef svo mætti orða," sagði Pawel Bartoszek, þingmaður Viðreisnar.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG, lýsti líka efasemdum sínum um frumvarp Óttars frænda síns. „Ég held að það sé rétt að það sé hætta á því að það að setja rafrettur undir sama hatt og tóbak verði til þess að færri nýti sér þær sem leið til að hætta að reykja. Ég held að það sé hætta á því," sagði Kolbeinn.

Óttarr sagðist telja að meðalhófs væri gætt í frumvarpinu en telur eðlilegt að breytingar séu gerðar á því í meðferð þingsins. „Það færi vitaskuld eftir því hvaða breytingar það væru á frumvarpinu sem myndi þá kannski hafa áhrif á afstöðu mína til þeirra breytinga. En ég legg frumvarpið fram í lýðheilsulegum tilgangi og kalla eftir því að það fái þinglega meðferð," sagði hann.

jonhakon@frettabladid.is

Áslaug Arna segir það valda sér vonbrigðum að nota eigi boð og bönn í stað forvarna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sömu reglur og gilda um tóbak

Með frumvarpi um rafsígarettur er lagt til að sömu reglur gildi varðandi sölu og markaðssetningu á rafsígarettum og gilda um tóbak. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að merkingar verði á umbúðum rafsígaretta. Frumvarpið er liður í innleiðingu á tilskipun um framleiðslu kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum, en vinnan við innleiðinguna hefur staðið yfir í velferðarráðuneyti frá árinu 2014.

2,5%

Íslendinga nota rafrettur samvæmt könnun sem var gerð árið 2015

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16
Jeep

SUZUKI

Way of Life!

NÝR BALENO!

KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN

VERÐ FRÁ KR.
2.260.000

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR

NÝR VALKOSTUR!
SUZUKI BALENO
MILD HYBRID

BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis. Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.

Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet. Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Þolandi mansals leitaði í Bjarkahlíð

SAMFÉLAG „Við höfum fengið mál til okkar þar sem grunur er um mansal og fékk viðkomandi stuðning og ráðgjöf," segir Ragna Guðbrandsdóttir, verkefnastjóri miðstöðvarinnar Bjarkahlíðar, en gefur ekki meira upp um eðli málsins vegna trúnaðar við skjólstæðinga sína.

Miðstöðin var opnuð í mars og þrátt fyrir að skammur tími sé liðinn hefur þó nokkur fjöldi nýrra mála borist. Sum er varða vændi. Í þeim tilfellum hafi fólk stundað vændi sem afleiðingu þess að vera þolandi ofbeldis.

„Við höfum líka fengið mál þar sem fólk stundar vændi sem afleiðingu þess að vera þolandi ofbeldis bæði í æsku og sem fullorðnir. Þolendur mansals og vændis fá sömu þjónustu hjá Bjarkarhlíð líkt og aðrir þolendur ofbeldis þar sem unnið er með afleiðingar ofbeldisins," segir Ragna.

Í Bjarkahlíð fara fram einstaklingsviðtöl og þar er sú nýlunda að öryggi viðkomandi er metið áður en lengra er haldið. Þá er ríkt samstarf við lögreglu og þolendum veitt lagaleg og félagsleg ráðgjöf. Fyrirmyndin er sótt til Bandaríkjanna þar sem eru reknar miðstöðvarnar Family Justice Center. **– kbg**

» Bjarkarhlíð er miðstöð á vegum Reykjavíkurborgar fyrir þolendur ofbeldis

Valdakonur mætast

Ivanka Tump, dóttir Donalds Trump Bandaríkjaforseta, tekur í höndina á Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og kveður hana og Christine Lagarde, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þær voru allar í Berlín í gær á G20 kvennafundinum. Ivanka var þangað komin til að ræða um stuðning við kvenfrumkvöðla. Ivanka er óformlegur ráðgjafi föður síns og er talin hafa mikil áhrif á störf hans. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Samskiptavandi hamlar heilsugæslunni

Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að langvarandi samskipta- og stjórnunarvandi hafi gætt innan framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem hefur hamlandi áhrif á starfsemi. Velferðarráðuneytið hefur vitað af vandanum í sex ár.

HEILSA Samskipti forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Svanhvítar Jakobsdóttur, og yfirlækna þar hafa verið í lágmarki frá 2011. Langvarandi samskipta- og stjórnunarvandi hefur verið innan framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í öll þessi ár og vissi velferðarráðuneytið af vandanum en hefur ekkert gert til að leysa hann. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar.

„Við fögnum skýrslunni sem að okkar mati staðfestir þann fjárskort sem Heilsugæslan glímir við og lýsir þeim skipulagsvanda sem er í heilbrigðiskerfinu," segir Svanhvít.

„Að sjálfsögðu tökum við þeim ábendingum alvarlega sem að okkur snúa," bætir hún við. Að öðru leyti vildi hún ekki tjá sig frekar um innihald skýrslunnar.

Í svari velferðarráðuneytisins við spurningu Ríkisendurskoðunar um samskiptavandann segir að verið sé að vinna í málinu með þjónustu utanaðkomandi sérfræðinga. Er ráðuneytið hvatt til að leggja sitt af mörkum við að leysa samskiptavandann.

Ráðuneytið hefur ítrekað verið upplýst um þessi vandamál frá árinu 2011 samkvæmt skýrslunni. Þann 14. apríl lýstu þáverandi yfirlæknar heilsugæslustöðva yfir vantrausti á Svanhvíti og komu sjónarmiðum sínum á framfæri bæði við starfsmenn ráðuneytisins og ráðherra. Í framhaldinu dró verulega úr samskiptum hennar og yfirlækna og voru þau í lágmarki næstu árin. Áður fundu þessir aðilar reglulega.

Í svari ráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar kemur fram að óháður aðili sé að gera úttekt á samskiptavandanum. Þar kemur einnig fram að verkefnið hafi tafist en viðtöl séu þó hafin. Er bent á að í desember 2016 hafi umboðsmaður Alþingis komist að þeirri niðurstöðu að áminning, sem Svanhvít veitti yfirlækni hjá stofnuninni í október 2015, hefði ekki verið í samræmi við lög.

Í kjölfarið hafi 21 starfsmaður Heilsugæslunnar ritað henni bréf og lýst yfir fullum stuðningi við umræddan yfirlækni.

Samkvæmt Ríkisendurskoðun þá hafa samstarfsörðugleikarnir haft langvarandi og hamlandi áhrif á starfsemi Heilsugæslunnar. Að mati henni hefði ráðuneytið þurft að grípa mun fyrr til aðgerða til að finna lausn.

Skýrslan sýnir vanda Heilsugæslunnar svart á hvítu og er bent á að þegar bæta þurfi rekstur stofnunarinnar jafn mikið og raun ber vitni sé nauðsynlegt að framkvæmdastjórn hennar geti stutt og hvatt starfsfólk einstakra heilsugæslustöðva við að gera nauðsynlegar breytingar á starfseminni. **benediktboas@365.is**

Vandi Heilsugæslunnar

- Hún er ekki fyrsti viðkomustaður sjúklinga og er meginástæðan sögð vera vankantar á skipulagi heilbrigðiskerfisins, m.a. stýringu fjármagns.
- Yfirstjórnin veitir einstökum heilsugæslustöðvum ekki nægt aðhald hvað varðar kostnað og skilvirkni. Árlegur rekstrarkostnaður þeirrar stöðvar þar sem hann var hæstur var um 68% hærri en þar sem hann var lægstur. Allar stöðvarnar starfa þó innan sama kerfis og búa við svipuð rekstrarskilyrði.

Sumarsmellur

Lagerhreinsun

dagana 25.4. – 6.5. 2017

Góður afsláttur af öllum úrum

Bering 20%
Certina 20%
Casio 25%
DNKY 35%
Hugo Boss 30%
Festina 35%
Tissot 20%
Gull- og silfurskart 20 – 40%
Stálskartgripir 40%
Loftvogir og veðurstöðvar 30%

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Frí póstsending meðan tilboðin standa

VERÐ FRÁ:

2.850.000 kr.

Eyðsla frá 3,2 l/100 | CO_2 losun frá 84 g/km

MARGVERÐLAUNAÐUR

Gæði Peugeot 308 heilla þig strax. Nútímaleg hönnun hans og útlit fangar athygli þína og við nánari kynni fellur maður kylliflatur fyrir smáatriðunum og notagildinu. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu hinn margverðlaunaða Peugeot 308 og þú munt sannfærast um gæði hans.

PEUGEOT 308

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 27. apríl gefur Íslandspóstur út fimm frímerkjaraðir þar sem þema frímerkjanna er ungviði íslensku húsdýranna, alþjóðlegt ár sjálfbærrar ferðaþjónustu, íslenska lopapeysan, hesta- og jöklaferðir og Evrópufrímerki.

Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá
Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

Fleiri hross seld út þrátt fyrir sterka krónu

Útflutningur reiðhesta og kynbótagripa virðist vera að braggast og eykst nú ár frá ári. Styrking krónunnar gerir útflutningsaðilum hins vegar erfitt fyrir og fá þeir minna fyrir hesta nú en áður. Milljarðatekjur af hestamennsku árlega.

LANDBÚNAÐUR Þrátt fyrir styrkingu krónunnar hefur útfluttum hrossum fjölgað síðustu þrjú ár. Vel gengur að selja hross út að sögn útflytjenda en krónan klípur stóran hluta af hagnaðinum sem verður til.

Í fyrra voru tæp 1.500 hross flutt úr landi. Er það um 200 hrossa fjölgun frá árinu 2014. Mest selst til útlanda af hryssum en einnig eru um 500 geldingar fluttir út árlega. Graðhestum hefur síðan fjölgað rólega ár frá ári og um 233 graðhestar fóru utan á síðasta ári.

Hulda Gústafsdóttir, hestamaður og útflytjandi, segir hrossasölu til útlanda vera að ná fyrri styrk hvað fjölda hrossa varðar. Hins vegar er það svo að krónan leiki greinina grátt líkt og aðrar útflutningsgreinar.

„Við erum að sjá að frá því í byrjun árs 2016 hefur krónan styrkst um 20-25 prósent og það er gríðarlega erfitt að eiga við það. Þetta er auðvitað tekjutap sem því nemur og erfitt fyrir greinina í heild," segir Hulda. „Þeir sem eru harðir á því að fá sama verð fyrir hrossin sín og fyrir gengisstyrkingu eiga í miklum erfiðleikum með að selja hross."

Hins vegar sýnir þetta að mati Huldu að íslenski hesturinn, fæddur, alinn og taminn hér á landi, er eftirsótt vara en mikilvægt sé að Íslendingar séu samkeppnishæfir í verði. „Það er gífurlegur fjöldi íslenskra hesta erlendis og ef við erum ekki samkeppnishæf þá töpum við slagnum mjög fljótt."

Fjöldi útfluttra hrossa 2011-2016



STÆRSTU MARKAÐIRNIR 2016

Þýskaland	626
Svíþjóð	232
Danmörk	144
Sviss	115

> **Ef fram heldur sem horfir gætu hlutir þróast á neikvæðan hátt**
> Hulda Gústafsdóttir, hestamaður og útflytjandi

Hestamennska skilar árlega milljörðum í ríkissjóð hvort sem um er að ræða ferðaþjónustu, störf tengd tamningum og þjálfun, eða sem ferðaþjónustugrein. Sveinn Steinarsson, formaður fagráðs í hrossarækt, segir mikilvægt að gengið nái jafnvægi sem fyrst. „Ef fram heldur sem horfir gætu hlutir þróast á neikvæðan hátt," segir Sveinn. Mikil tækifæri eru í hestamennsku en verðin sem við fáum fyrir hross eru í lægri kantinum. Menn slá af verðum til að halda útflutningnum gangandi."

sveinn@frettabladid.is



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2017
Hilton Reykjavík Nordica
Í dag, miðvikudag, kl. 14

Þarf framtíðin orku?

Landsvirkjun hvetur til opinnar umræðu um orkumál og þau tækifæri og áskoranir sem eru framundan. Hvernig er rekstur og fjárhagur fyrirtækisins að þróast? Hvað er að gerast á orkumörkuðum heimsins? Hvaða áhrif hefur það á Íslandi? Hver er orkuþörf framtíðar og hvernig mætum við henni?

Bein útsending verður frá fundinum á landsvirkjun.is.

- **Benedikt Jóhannesson** fjármála- og efnahagsráðherra
  Ávarp
- **Jónas Þór Guðmundsson** stjórnarformaður
  Ávarp
- **Hörður Arnarson** forstjóri
  Ragna Árnadóttir aðstoðarforstjóri
  Þarf framtíðin orku?
- **Gerður Björk Kjærnested** fundarstjóri
- **Inga Lind Karlsdóttir** stjórnar umræðum að erindum loknum

Verið öll velkomin
Skráning á www.landsvirkjun.is
#lvarsfundur

RENAULT
Passion for life

Renault **Clio**

ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI

KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

VERÐ FRÁ: 2.090.000 KR.

E F

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM80215

GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400	**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622	**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533	**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070	**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080	**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Markaðir brugðust vel við fregnunum

Bandarískir hlutabréfamarkaðir tóku kipp í gær og náði Nasdaq-vísitalan methæðum, yfir 6.000 stig í fyrsta sinn. Reuters greinir frá því að greiningaraðilar tengi hækkunina við góða afkomu tæknifyrirtækja sem vega þungt í vísitölunni, en einnig við loforð Trumps um að lækka skatta. Aðrar vísitölur hækkuðu einnig í gær.

Dow-vísitalan náði yfir 21.000 stig yfir daginn og var nálægt methæðum.

Trump tilkynnir skattalækkun í dag

Búist er við að Donald Trump Bandaríkjaforseti efni kosningaloforð og tilkynni um lækkun fyrirtækjaskatts í 15 prósent í dag. Fyrirtækjaskattur er einn sá hæsti í heiminum í dag í Bandaríkjunum. Ekki eru allir sammála um lækkunina.

Donald Trump. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

BANDARÍKIN Búist er við því að Donald Trump Bandaríkjaforseti tilkynni um skattaáætlun sína í dag. Bloomberg greinir frá því að hann muni tilkynna lækkun á fyrirtækjaskatti í 15 prósent, en það var eitt af kosningaloforðum hans.

Fyrirtækjaskattur er nú milli 15 og 35 prósent í Bandaríkjunum og töluvert hærri en í mörgum öðrum löndum. Áætlað er að ríkissjóður Bandaríkjanna verði af mörgum milljörðum dollara árlega vegna þess að fyrirtæki reyni að forðast þennan skatt.

Talið er að Trump muni leggja línurnar um hvaða skattabreytingar verði boðaðar í dag, en svo muni nákvæmar lýsingar á áformunum verða kynntar síðar þegar búið verður að ræða þær við starfsmenn ríkissjóðs og leiðtoga í þinginu.

Ekki eru allir á einu máli um lækkunina, Paul Ryan þingforseti vill til að mynda 20 prósenta skatt.

Áætlanirnar eru kynntar á sérstökum tíma í bandarískum stjórnmálum, en stjórnmálamenn eru nú að reyna að komast að niðurstöðu um útgjöld til að koma í veg fyrir að loka þurfi hluta af ríkisstofnunum eftir helgi.

Á mánudaginn sagðist framkvæmdastjóri ríkissjóðs Bandaríkjanna sannfærður um að hagvöxtur gæti numið þremur prósentum að meðaltali eða meira í Bandaríkjunum á næstunni sem myndi, auk meira innstreymis frá aflandssvæðum, bera kostnaðinn af skattalækkununum.

saeunn@frettabladid.is

AÐALFUNDUR
Flugfreyjufélags Íslands 2017

Það leiðréttist hér með að aðalfundur Flugfreyjufélags Íslands verður haldinn **þriðjudaginn 2. maí 2017** en ekki miðvikudaginn 2. maí 2017 eins og var auglýst í Fréttablaðinu í gær.

Gildi–lífeyrissjóður
Ársfundur 2017

Grand hótel Reykjavík, fimmtudaginn 27. apríl kl. 17.00

Dagskrá fundarins
1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúarráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn Gildis–lífeyrissjóðs.

GILDI
www.gildi.is

Norður-Kóreumenn komu saman til að styðja leiðtoga sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Funda um Norður-Kóreu

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur boðað alla öldungadeildarþingmenn Hvíta hússins til fundar í dag þar sem farið verður yfir stöðu mála í Norður-Kóreu.

The Guardian greinir frá því að um óvenjulegt fundarboð sé að ræða sem undirstriki hve alvarlega Trump taki hættuna sem stafi af áframhaldandi þróun Norður-Kóreumanna á kjarnorkuvopnum og eldflaugatækni.

Boðað er til fundarins í framhaldi þess að Trump fundaði með sendiherrum allra ríkja sem sæti eiga í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á mánudag, þar lagði Trump áherslu á að Bandaríkin myndu stoppa áframhaldandi vopnaþróun í Norður-Kóreu.

„Öryggisráðið verður að undirbúa það að leggja auknar og sterkari þvinganir á kjarnorku- og eldflaugatilraunir Norður-Kóreu,“ sagði Trump á fundinum. „Norður-Kórea er stórt heimsvandamál – vandamál sem við þurfum að leysa.“ – sg

GAMMA

19.–27. APRÍL Í HÖRPU

TEFLUM DJARFT TIL ENDA

Hart hefur verið sótt og fimlega varist á þessu fjölmennasta Reykjavíkurskákmóti frá upphafi. GAMMA er aðalstyrktaraðili mótsins og vill tryggja því veglega umgjörð sem höfðar til almennings. Verið velkomin í Hörpu að fylgjast með spennandi skák.

REYKJAVÍKUR SKÁKMÓTIÐ

REYKJAVIKOPEN.COM

Engin útundan

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu er ekkert nýtt á Íslandi, langt frá því. Áratugum saman hafa Íslendingar geta leitað til sérfræðimenntaðra lækna eftir ýmiss konar þjónustu, greitt fyrir það fast gjald en bróðurparturinn af kostnaðinum hefur svo verið greiddur af Sjúkratryggingum Íslands úr sameiginlegum sjóðum. Hugmyndin er og hefur ætíð verið að allir Íslendingar sitji við sama borð og eigi sömu möguleika á að leita sér lækninga og heilbrigðisþjónustu óháð efnahag eða félagslegri stöðu almennt. Þetta kerfi hefur ekki verið gallalaust en það leitast þó við að vera réttlátt, sanngjarnt, skilvirkt og umfram allt í allra þágu.

„Engin manneskja er útundan.“ Þetta er hugsunin og þetta er líka yfirskriftin á stefnu flokks Óttars Proppé heilbrigðisráðherra þar sem fjallað er um heilbrigðiskerfið. Það sem kemur þó ekki fram í umræddri stefnuyfirlýsingu er hvort það feli í sér að sumir geti farið fram fyrir röðina í krafti fjármagns og það jafnvel að hluta til á kostnað samfélagsins. Slík mismunun gæti þó orðið raunin í ráðaherratíð Óttars og það er afleit þróun.

Birgir Jakobsson landlæknir sendi frá sér fyrir rétt rúmri viku yfirlýsingu um afstöðu sína til einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu í tilefni af Klíníkinni, sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu með fimm daga legudeild. Þar kemur skýrt fram að Embætti landlæknis og velferðarráðuneytið túlka lagaákvæði um rekstrarleyfi með ólíkum hætti og að Birgir telur að einkarekstur í heilbrigðiskerfinu sé að verulegu leyti stjórnlaus. Þar kemur einnig fram að á meðan útgjöld ríkisins í heilbrigðiskerfinu standa í stað í opinberum rekstri hafa þau á sama tíma aukist um 40% til einkareksturs á liðnum árum. Allt stefni í að einkarekstur haldi áfram að aukast án takmarkana en á kostnað skattgreiðenda sem langflestir þurfa að láta sér lynda að búa við sama opinbera en fjársvelta heilbrigðiskerfið.

Landlæknir leggur áherslu á að mikilvægt sé að bregðast fljótt við stöðunni. Þróunin gæti orðið hröð og leitt til áframhaldandi kostnaðaraukningar fyrir hið opinbera. Þar eru á ferðinni fjármunir sem meirihluti þjóðarinnar er ótvírætt sammála um að bráð þörf er fyrir í heilbrigðiskerfi almennings. Það er því þeim mun raunalegra hversu tregur heilbrigðisráðherra virðist ætla að vera til þess að grípa til aðgerða. Óttarr sagði vissulega í fréttum Stöðvar 2 fyrir skömmu að agaleysi hafi ríkt í heilbrigðiskerfinu síðustu áratugi og boðar breytingar þar á en ætlar að sama skapi ekki að svara kalli landlæknis. Það er helst að finna á ráðherranum að honum finnist þetta óþægilegt, bagalegt og óheppilegt. Vandanum verður því velt áfram yfir á næsta ár hið minnsta, gallaður samningur Sjúkratryggninga við sérfræðilækna þá tekinn til endurskoðunar og mikilvægast af öllu finnst ráðherra að vera nú ekkert að flýta sér.

Í raun er löngu runninn upp sá tími að einhver sem einhverju ræður taki til hendinni og flýti sér að endurheimta heilbrigðiskerfi sem hefur getu til þess að þjónusta þjóðina alla – óháð efnahag, búsetu eða félagslegum aðstæðum. Heilbrigðiskerfi þar sem almenningur er ekki hafður útundan.

Þar kemur einnig fram að á meðan útgjöld ríkisins í heilbrigðiskerfinu standa í stað í opinberum rekstri hafa þau á sama tíma aukist um 40% til einkareksturs á liðnum árum.

FUNDARBOÐ
Aðalfundur
MS-félags Íslands

MS FÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 11. maí kl. 17:00 í MS-húsinu að Sléttuvegi 5 í Reykjavík.
Húsið opnar kl. 16:30.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Vinsamlegast athugið að framboð til stjórnar og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund og jafnframt að atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir fundinn.
Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins
www.msfelag.is
Veitingar í boði félagsins. Hvetjum félagsmenn að mæta!

Virðingarfyllst,
Stjórn MS-félags Íslands

Halldór

Frá degi til dags

Snemmbúin kosningabarátta
Ráðning nýs aðstoðarmanns fjármála- og efnahagsráðherra vekur nokkra athygli. Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, tók þá ákvörðun að ráða Ólafiu B. Rafnsdóttur, fyrrverandi formann VR, í starfið við hlið Gylfa Ólafssonar. Þetta er líklegast klók ráðning. Ólafía hefur átt farsælt starf fyrir stjórnmálamenn. Hún var kosningastjóri Ólafs Ragnars Grímssonar þegar hann var kjörinn forseti Íslands 1996 og þegar hann lagði Þóru Arnórsdóttur í kosningum 2012. Reynsla Ólafiu gæti því styrkt Benedikt þegar hann fer næst í kosningar. Og alls ekkert víst að hann detti af þingi, þótt kannanir bendi ef til vill til þess núna.

Líf eftir Alþingi
Alþingi kaus í gær í alls kyns ráð og nefndir ríkisins. Meðal annars var kosið í stjórn Ríkisútvarpsins og bankaráð Seðlabankans. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, fyrrverandi þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, er nýr stjórnarmaður í RÚV ohf. og nýir bankaráðsmenn Seðlabankans eru allir fyrrverandi þingmenn, fyrir Sjálfstæðisflokkinn, Framsóknarflokkinn og Hreyfinguna. Gott val hjá alþingismönnunum. Þessir nýkjörnu aðilar eru vafalaust starfi sínu vaxnir, en svo er þetta auðvitað líka fín leið fyrir þá sem valdið hafa til að sannfæra sjálfa sig um að það sé líf eftir Alþingi. **jonhakon@frettabladid.is**

Íhald + aðhald = afturhald

Torfi H. Tulinius
prófessor í íslenskum miðaldafræðum við HÍ

Viðreisn vakti von um stjórnmálahreyfingu heiðarlegra hægri manna sem vildu sátt milli eignafólks og annarra landsmanna. Nafnið vísaði til sjöunda áratugar síðustu aldar, þegar Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur hlúðu að menntun, velferð og framförum í lýðveldinu unga. Máske var leit að liðnum tíma límið milli Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Menn gátu ímyndað sér—og hlutaðeigandi kannski líka—að jafnaðarmaðurinn geðþekki Gylfi Þ. og íhaldsmaðurinn staðfasti Bjarni Ben eldri væru gengnir aftur í þeim Óttari og Benedikt. Þótt formaður Sjálfstæðisflokksins hafi verið staðinn að því að segja ósatt í fréttum fáum dögum áður, héldu þeir í tálsýnina og mynduðu með honum ríkisstjórn sem telur sér og öðrum trú um að standi fyrir frjálslyndi og umbætur.

En annað lím var fortíðarþránni yfirsterkara: stéttvísi auðmanna. Undanfarið hefur orðið æ ljósara að Óttarr, Björt og þingmennirnir tveir sem leiddu ríku frændurna til valda eru eins og illa sniðnir leppar sem ná ekki að hylja eðli ríkisstjórnarinnar sem birtist nú í fjármálaáætlun til fimm ára. Áætlun sú mun þrengja að velferð, heilbrigði, menntun, rannsóknum og nýsköpun um leið og hagvöxtur er meiri en í öðrum löndum OECD.

Fjármálaráðherra talar um aðhald, en heilbrigðisráðherra brosir vandræðalega og segir að ekki séu til peningar fyrir öllu. Auðvitað er gott að eyða ekki um efni fram og lækka skuldir. En í góðæri er ámælisvert að veikja áfram innviði góðs samfélags og stefna framtíð þess í hættu með því að svelta menntun, rannsóknir og nýsköpun.

Óttarr Proppé veit vel að peningarnir eru til. Það er hins vegar pólitísk stefna stjórnarmeirihlutans að halda auðlindagjöldum og fjármagnstekjuskatti í lágmarki og koma ekki á þriðja skattþrepi hálaunafólks. Þó myndi breytt skattkerfi standa undir nauðsynlegum útgjöldum til framfaramála. Í staðinn er ríkisstjórninni stýrt af hvötum þeirra ríku sem halda fast í peninga sína og standa í vegi fyrir framþróun. Aðhald Íhaldsins er því ekkert annað en afturhald.

Auðvitað er gott að eyða ekki um efni fram og lækka skuldir. En í góðæri er ámælisvert að veikja áfram innviði góðs samfélags.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Opið bréf til Óttars Proppé heilbrigðisráðherra

Sigríður Sía Jónsdóttir
lektor við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri

Sæll, Óttarr.

Vegna ummæla landlæknis í fréttum fyrir helgina, um að þú lítir þannig á að Klíníkin í Ármúla sé ekki leyfisskyld frá þér, þar sem hún er eins og hver annar stofurekstur heilbrigðisstarfsmanna, ákvað ég að skrifa þér. Þú sagðir líka í fréttum eitthvað á þá leið að það væri bagalegt að ágreiningur væri á milli ráðuneytisins og Embættis landlæknis og að skoða þyrfti lögin og athuga hvort skýra þyrfti eitthvað nánar í þeim. Í hnotskurn snýst málið um hvort Klíníkin í Ármúla sé kölluð „starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns“, sem ekki er leyfisskyld frá heilbrigðisráðherra, eða hvort hún sé skilgreind sem „sérhæfð heilbrigðistofnun / sérhæfð heilbrigðisþjónusta“ og þarf þá starfsleyfi frá heilbrigðisráðherra.

Fram undir þessa tíma, leyfi ég mér að fullyrða, hefur varla hvarflað að okkur sem höfum íslensku að móðurmáli, að þörf væri á að skilgreina orðin „sérhæfð heilbrigðisstofnun“ eða „sjúkrahús“ eða „starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns“. Við stöndum því greinilega á tímamótum. Þessi sértæku orð koma öll fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu (nr. 40/2007). Þar segir um sérhæfða heilbrigðisstofnun: „Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.“

Um starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns segir: „Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.“

Vandi á höndum

Hér er okkur landsmönnum vandi á höndum því að það hjálpar ekki einu sinni að „gúggla“ skilgreiningu á orðunum: sjúkrahús / spítali / sérhæfð heilbrigðisstofnun / sérhæfð heilbrigðisþjónusta eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns, við lendum bara aftur í lögum Alþingis.

Skilgreining sem ég legg til um sérhæfða heilbrigðisstofnun er: *„Stofnun sem veitir sérhæfða heilbrigðisþjónustu þar sem einstaklingar eru lagðir inn vegna veikinda eða skurðaðgerða. Einstaklingarnir eru þar í mislangan tíma en oftast að minnsta kosti yfir eina nótt. Þar starfar fagfólk sem veitir hjúkrunarmeðferð og læknismeðferð eftir þörfum, hvenær sólahrings sem er, ef einstaklingarnir sem liggja inni, þurfa á að halda.“* Rökin eru þau að öðrum veikindum fólks / skurðaðgerðum er í dag sinnt (hægt að sinna) á starfsstofum úti í bæ.

Orðið „starfsstofa“ er í raun vandinn. Hvernig áttu að skilgreina hana? Ég legg til að þú notir þessa skilgreiningu: Starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna er: *„Heilbrigðisstarfsemi sem veitir heilbrigðisþjónustu á dagvinnutíma og hættir þjónustu eftir það, lokar dyrum og allir fara til síns heima. Þar er leyfilegt að gera aðgerðir / inngrip sem miðast við að ástand fólks leyfi að það fari samdægurs heim. Engin næturþjónusta er í boði á starfsstofu.“*

Ég ráðlegg þér, heilbrigðisráðherra góður, að hlusta á rök landlæknis þegar kemur að starfsleyfi Klíníkurinnar í Ármúla. Jafnframt að þú hafir þessar skilgreiningar hér í þessu stutta bréfi mínu að leiðarljósi því að Klíníkin í Ármúla, þegar farið verður að leggja fólk þar inn, fellur undir skilgreininguna „sérhæfð heilbrigðisstofnun“.

Að endingu legg ég til að þú lögfestir, að skilyrði þess að reka „heilbrigðisstofnanir“ eða „starfsstofur“ hér á landi, sé að heilbrigðisþjónustan sé rekin án þess að borga megi sér arð, þ.e. ekki í hagnaðarskyni. (sbr. non-profit á ensku). Því hvað réttlætir að fólk geti grætt á veikindum annarra, hvort sem peningarnir koma úr vasa þess veika, eða úr vasa ríkisins?

Höfundur er doktorsnemi við Linné háskólann í Svíþjóð og er menntaður hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir.

Ég ráðlegg þér, heilbrigðisráðherra góður, að hlusta á rök landlæknis þegar kemur að starfsleyfi Klíníkurinnar í Ármúla.

Endingargóð, hagkvæm og hljóðlát.

Siemens þvottavél
WM 14N2S7DN

Hún er með íslensku stjórnborði og tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvinduhraði 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð.
Sérkerfi: Straufrítt, kraftþvottur, dökkur þvottur, skyrtur, útifatnaður, blandaður þvottur, húðverndarkerfi, mjög stutt kerfi (15 mín./30 mín.), ull og viðkvæmur þvottur/silki.

Tilboðsverð:
77.900 kr.
Fullt verð: 94.900 kr.

Fljótandi þvottaefni frá Ariel fylgir með öllum Siemens þvottavélum.

Hagkvæmur og sparar orku.

Siemens þurrkari
WT 45H207DN

Hann er með íslensku stjórnborði og tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A++. Gufuþétting, enginn barki. Rafeindastýrð rakaþurrkun. Sérkerfi: Ull, blandaður þvottur, útifatnaður, handklæði, tímastillt kerfi, undirföt, stutt kerfi (40 mín.) og skyrtur. Krumpuvörn við lok kerfis. Stór ryðfrí tromla með ávölum spöðum, sem fer betur með þvottinn.

Tilboðsverð:
77.900 kr.
Fullt verð: 109.900 kr.

Framúrskarandi fyrirtæki

Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

Tilboðið gildir til og með 13. maí eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Tökumst á við áskoranirnar

Einar K. Guðfinnsson
formaður Landssambands fiskeldisstöðva

Við Gísli Sigurðsson, sem skrifar grein í Fréttablaðið 19. apríl, erum sammála um „að fiskeldi sé mikilvæg leið til að framleiða mat ofan í heimsbyggðina“. Það er ágætis byrjun á uppbyggilegri umræðu.

Fiskeldi er í stöðugri sókn í heiminum og þar með talið í okkar heimshluta. Því veldur m.a. vaxandi fæðuþörf mannkynsins. Úr eldi kemur nú um það bil helmingur allrar matarframleiðslu í sjó og þar sem ekki eru fyrirsjáanlegar auknar veiðar að neinu marki er það augljóst að vaxtar er þörf í fiskeldi heimsins. Ekki síður vegur þungt að auðlindanotkun og vistspor sjávareldis er mun minna en landeldis.

Sjókvíaeldi er í sókn

Fiskeldi hefur þróast og mun þróast með mismunandi hætti, eftir aðstæðum. Landeldi gegnir sannarlega mikilvægu hlutverki og þannig verður það líka áfram. Við Íslendingar þekkjum það vel. Höfum stundað landeldi með góðum árangri og erum nú leiðandi í bleikjuframleiðslu í heiminum. Landeldinu eru hins vegar víða takmörk sett. Landrými er ekki endalaust svo dæmi sé tekið og fleira kemur til svo sem vistsporið, orku- og vatnsnotkun, svo dæmi séu nefnd.

En sjókvíaeldi er og hefur verið í sókn enda er það augljóslega góð aðferð til þess að framleiða fisk að ala hann í sjó. Fyrir vikið hefur vöxtur í sjókvíaeldi verið langt umfram það sem við þekkjum í landeldinu. Og dæmi eru um að landeldi hafi hreinlega dregist saman af ástæðum sem nefndar voru hér að ofan.

Búnaðinum hefur fleygt fram

Mikil þróun hefur verið í gerð alls búnaðar til fiskeldis; ekki síst sjókvíaeldis. Búnaðurinn er margfalt öruggari en áður. Umhverfisleg áhrif hafa orðið minni af fiskeldinu fyrir vikið. Hér á landi var tekin um það ákvörðun árið 2004 að loka stórum hluta standlengjunnar fyrir sjókvíaeldi og gengum við Íslendingar lengra að þessu leyti en aðrar þjóðir.

Fiskeldisfyrirtækin leggja mikla fjármuni í að þróa búnað til þess að koma í veg fyrir sleppingar á laxi. Lokaðar kvíar eru sannarlega í þróun í þessum tilgangi, en þó ekki síst til að koma í veg fyrir lúsasmit. Unnið er að þróun á annars konar sjókvíum sem hafa sama tilgang. Norðmenn hafa sett hvata inn í sín fiskeldisleyfi fyrir fyrirtæki að þróa slíkar lausnir og er það sannarlega vel. Unnið er að þróun á geldfiski þó framleiðsla hans sé mjög takmörkuð. Íslensku fiskeldisfyrirtækin munu standa að slíkri þróunarvinnu með Hafrannsóknastofnun og Háskólanum á Hólum og leggja verkefninu til fjármuni.

Engin ástæða er til að ætla annað en að mikil þróun verði á þessu sviði á næstu árum. Í þeirri þróunarvinnu eigum við Íslendingar ekki að vera hljóðir áhorfendur heldur virkir þátttakendur. Forsenda þess er auðvitað sú að hér sé þá til staðar fiskeldi svo að tryggt sé að þær lausnir sem bestar verða henti okkur og aðstæðum okkar.

Tökumst á við áskoranirnar

Fiskeldi á Íslandi er í raun agnarlítið og hefur á undanförnum árum byggst upp afar hægt. Ljóst er að næstu árin mun fiskeldið aukast en vöxturinn verður lítill í magni talið í fyrirsjáanlegri framtíð. Við eigum að gera strangar umhverfiskröfur til fiskeldisstarfsemi okkar og eftir því hafa fiskeldisfyrirtækin kallað. Eðlilegt er að samhliða vaxandi fiskeldi fari fram virk vöktun, til þess að tryggja að fiskur sem kann að sleppa úr sjókvíum leiti ekki upp í laxveiðiárnar. Sú leið er fyrir hendi og á Íslandi hefur verið þróaður búnaður í þessu skyni. Fiskeldisfyrirtækin hafa lýst sig reiðubúin að koma að fjármögnun slíkrar vöktunar.

Atvinnugreinar í vexti mæta sífellt áskorunum. Það á líka við um fiskeldið. Við eigum aldrei að gefast upp fyrir slíkum áskorunum enda verður þá aldrei nein framþróun. Við þurfum að takast á við þessar áskoranir, mæta þeim og finna lausnirnar. Það er og verður viðfangsefni fiskeldisgreinarinnar í samvinnu við vísindasamfélagið.

LYFJA – Lifið heil

Lægra verð í Lyfju

Liðverkir?

lyfja.is

20% afsláttur í apríl

Glucosamin LYFIS
1.178 mg glucosamin – 30 skammtapokar
Einn skammtur á dag

Verð: 1.766 kr.
Verð áður: 2.208 kr.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á wwww.serlyfjaskra.is

Hinir vammlausu á Kalkofnsvegi

Baldvin Þorsteinsson
framkvæmdastjóri hjá Samherja

Á mánudaginn felldi Héraðsdómur Reykjavíkur úr gildi ákvörðun Seðlabanka Íslands um að leggja stjórnvaldssekt á Samherja hf. Sekt þessi var örvæntingarfull lokatilraun stjórnenda Seðlabankans til að reyna að bjarga andlitinu eftir fordæmalausa aðför að fyrirtækinu í skjóli opinbers valds. Eftir allan lúðrablásturinn, alvarlegu ásakanirnar og margra ára málarekstur stendur ekkert annað eftir en mörg hundruð milljóna króna kostnaður bankans og hróplegt vanhæfi stjórnenda til að fara með stjórnsýsluvald.

Útgerðarfyrirtækið Samherji er ekki eini aðilinn sem hefur þurft að standa undir árásum af hálfu bankans. Seðlabankinn hefur á síðustu árum borið þungar sakir á einstaklinga og fyrirtæki t.d. í svokölluðum Aserta og Úrsus málum. Eftirtekjurnar voru þó þær sömu í þeim málum, nákvæmlega ekki neinar.

Uppbornar sakir í þessum þremur málum voru í sumum tilvikum gríðarlega þungar og eftirstöðvar einstaklinganna því miður ekki alltaf þær sömu og Seðlabankans. Aðfarirnar og fantaskapurinn í vinnubrögðunum voru með þeim hætti að sumir þeirra bíða þess ekki bætur. Það hefur verið mikið lagt á fjölskyldur þessa fólks án þess að nokkur hafi axlað ábyrgð á sneypuförinni. Rauði þráðurinn í háttsemi Seðlabankans var sá að snúa aldrei af vegi, alveg sama hvaða skýringar eða upplýsingar þeim voru sýndar. Alltaf var haldið áfram, jafnvel þó fullljóst hefði verið að enginn fótur væri fyrir ásökunum bankans.

Þó að ofantalin mál séu grafalvarleg má vel skilja að í daglegu amstri veki barátta nokkurra einstaklinga og útgerðarfyrirtækis við Seðlabanka Íslands ekki þungar áhyggjur í brjósti fólks.

Hér vil ég þó biðja lesendur að staldra aðeins við.

Eins og áður sagði var alltaf þráast við og öllum brögðum beitt til þess að stjórnendur Seðlabankans þyrftu ekki á nokkrum tímapunkti að viðurkenna að þeir hefðu rangt fyrir sér. Þeir voru meira að segja tilbúnir að brjóta landslög í þeim tilgangi.

Svívirðilegur hroki

Þessi svívirðilegi hroki, einkum Más Guðmundssonar og Arnórs Sighvatssonar, snertir okkur því miður öll enda takmarkast hann ekki við stjórnun þeirra á gjaldeyriseftirliti innan bankans. Sömu einstaklingar bera meginábyrgð á vaxtastefnu Seðlabanka Íslands en Íslendingar eru vaxtapíndasta þjóð heims og hafa verið það um langt skeið.

> **Þjóðin verður að sameinast um að fjarlægja þess menn úr valdastólum sínum. Tíma hinna vammlausu á Kalkofnsvegi verður að ljúka.**

Ekkert mál, þess efnis að vextir á Íslandi verði að vera lægri, nýtur jafn víðtæks samhljóms í umræðunni. Það á við meðal atvinnurekanda, samtaka launafólks og ýmissa málsmetandi aðila á sviði viðskipta og hagfræði.

Allir þessir aðilar hafa eytt tíma sínum í greinaskrif og samtöl við stjórnendur Seðlabankans um þessa stöðu en átta sig ekki fyllilega á því að frekar myndu Már og Arnór blygðunarlaust knésetja heilt þjóðfélag en að viðurkenna að sú stefna sem þeir bjuggu til sjálfir og hafa fylgt sé röng.

Sífellt eru nýjar ástæður fundnar fyrir því að lækka ekki vexti þrátt fyrir að uppgefnar forsendur vaxtaákvarðana hafi þróast á þann hátt að halda mætti að nú ætti að lækka vexti. Þetta á sér algera hliðstæðu í því hvernig Seðlabankinn hagaði sér þegar ásakanir þeirra um lögbrot í gjaldeyrismálum voru hraktar, þá voru einfaldlega nýjar ásakanir búnar til og málin rekin áfram af harðfylgi.

Már Guðmundsson og Arnór Sighvatsson eru embættisdólgar sem hafa ekkert annað að leiðarljósi en að upphefja eigið ágæti. Það virðist einnig eini málstaðurinn sem þeir kjósa að sinna burtséð frá því hverjar afleiðingarnar kunni að verða.

Þjóðin verður að sameinast um að fjarlægja þess menn úr valdastólum sínum. Tíma hinna vammlausu á Kalkofnsvegi verður að ljúka.

brabantia

Til hagræðingar fyrir heimilið

Strauborð með fallegu látlausu áklæði.

Verð aðeins 7.990,-

Þvottakörfur í nokkrum litum sem hægt er að stafla.

Þurrkgrind.

Eldhúsáhöld í góðu úrvali.

Pokar og ilmsjöld fyrir Brabantia ruslaföturnar.

Þvottakörfur sem hægt er að breyta í axlartösku þegar þvotturinn er fluttur.

Þurrkgrind til að festa á vegg bæði úti og inni.

Vinsælu þrifalegu ruslaföturnar - Nýjir litir - Margar stærðir

WINDSOR RED

MUSTARD YELLOW

MATT BLACK

MOSS GREEN

ALMOND

DAISY YELLOW

REFLECTIVE BLUE

NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	**ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	**SR BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	**ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000	**PENNINN** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	**ORMSSON** VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	**ORMSSON** PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	**ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	**GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	**TÆKNIBORG** BORGARNESI SÍMI 422 2211	**OMNIS** AKRANESI SÍMI 433 0300	**BLÓMSTURVELLIR** HELLISSANDI SÍMI 436 6655

PEPSI-DEILDIN SPÁ 2017

1. ?
2. ?
3. ?
4. ?
5. Breiðablik
6. Fjölnir
7. KA
8. Víkingur R.
9. ÍBV
10. ÍA
11. Grindavík
12. Víkingur Ólafsvík

Breiðablik: Blásið til sóknar

Íþróttadeild 365 heldur áfram niðurtalningu fyrir nýtt keppnistímabil í Pepsi-deild karla í dag og með árlegri spá sinni um deildina. Spánni verða gerð skil í öllum miðlum okkar – hún birtist fyrst í Fréttablaðinu en verður svo fylgt eftir í ítarlegri útgáfu á Vísi sem og í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Íþróttadeild 365 spáir Breiðabliki 5. sæti sem er einu sæti ofar en liðið endaði í fyrra.

Blikum gekk illa að skora í fyrra en bættu þremur sóknarmönnum í hópinn í vetur; Aroni Bjarnasyni, Hrvoje Tokic og Martin Lund Pedersen.

„Tokic skoraði níu mörk í ekkert sérstaklega öflugu Ólafsvíkurliði í fyrra þar sem hann hafði úr litlu að moða," segir Óskar Hrafn Þorvaldsson, einn sérfræðinga Pepsi-markanna.

„Maður skyldi ætla að Martin Lund, Höskuldur Gunnlaugsson, Aron eða hverjir sem eru á köntunum, auk miðjumanna, geta skapað fleiri færi fyrir hann en hann fékk hjá Víkingi í fyrra."

Markaðurinn

KOMNIR
Aron Bjarnason frá ÍBV
Hrvoje Tokic frá Víkingi Ó.
Martin Lund Pedersen frá Fjölni

FARNIR
Alfons Sampsted til Norrköping
Aron Snær Friðriksson í Fylki
Arnór Sveinn Aðalsteinsson í KR
Árni Vilhjálmsson í Jönköping
Daniel Bamberg
Elfar Freyr Helgason á lán
Ellert Hreinsson í Augnablik
Gunnlaugur H. Birgisson í Víking Ó.
Jonathan Glenn til Armada FC
Kári Ársælsson í Augnablik

Þjálfarinn

Arnar Grétarsson

Arnar Grétarsson tók við uppeldisfélagi sínu fyrir tveimur árum og náði öðru sætinu á sinni fyrstu leiktíð. Hann náði ekki upp sama takti með liðið í fyrra en það olli miklum vonbrigðum og endaði í sjötta sæti.

Þrír sem stólað er á

- Gunnleifur Gunnleifsson
- Damir Muminovic
- Hrvoje Tokic

Besti og versti mögulegi árangur 1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10. 11. 12.

Nýjast

Olís-deild kvenna
Undanúrslit, 3. leikur

Fram - Haukar 31-28

Fram: Ragnheiður Júlíusdóttir 10/1, Steinunn Björnsdóttir 7, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Marthe Sördal 3, Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 2, Elva Þóra Arnardóttir 1, Elísabet Gunnarsdóttir 1.
Haukar: Ramune Pekarskyte 10/3, Ragnheiður Ragnarsdóttir 5, Maria Pereira 5, Guðrún Erla Bjarnadóttir 5/5, Sigrún Jóhannsdóttir 3.
Fram vann einvígið 3-0 og er komið í úrslit.

Olísdeild kvenna
Undanúrslit, 3. leikur

Stjarnan - Grótta 19-14

Stjarnan: Rakel Dögg Bragadóttir 7, Hanna G. Stefánsdóttir 5/3, Sólveig Lára Kjærnested 3, Aðalheiður Hreinsdóttir 2, Helena Rut Örvarsdóttir 1, Stefanía Theodórsdóttir 1.
Grótta: Sunna María Einarsdóttir 4/1, Unnur Ómarsdóttir 4, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 3, Lovísa Thompson 2, Emma Havin Sardarsdóttir 1.
Staðan í einvíginu er 2-1, Gróttu í vil.

Srdjan Tufegdzic, betur þekktur sem Túfa, er nýliði í efstu deild eins og liðið sem hann þjálfar, KA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reynslumiklir nýliðar

KA er í fyrsta sinn í þrettán ár í efstu deild en kemur ekki inn sem hefðbundinn nýliði þar sem mikið er búið að fjárfesta í liðinu á undanförnum árum.

FÓTBOLTI Íþróttadeild 365 opinberar í dag hvaða liði hún spáir fimmta sæti deildarinnar en það er Breiðablik eins og sést hér að ofan. Niðurtalningin heldur áfram og er nú aðeins staldrað við liðin sem íþróttadeild telur að verði í miðjumoðinu frá 5.-8. sæti en það eru Blikar, Fjölnismenn, KA og Víkingar í Reykjavík sem gætu reyndar auðveldlega sogast niður á fallsvæðið.

Náð í þrjá markaskorara

Arnar Grétarsson þurfti enga taugaskurðlækna til að greina vandamál Blikaliðsins. Þau voru augljós í fyrra: Liðið gat ekki skorað mörk. Vörnin hélt sem fyrr og var ein sú besta í deildinni en liðið skoraði aðeins 27 mörk í 32 leikjum og olli miklum vonbrigðum með að enda í sjötta sætinu.

Arnar brást við því með að fá til sín Martin Lund Pedersen frá Fjölni, Hrvoje Tokic frá Ólafsvík og Aron Bjarnason frá ÍBV og endurnýja með því sóknarlínu sína alfarið. Þessir þrír leikmenn skoruðu samtals 24 mörk í fyrra og voru allir markahæstir í sínum liðum.

Heimavöllurinn brást Blikum á síðustu leiktíð en þeir unnu aðeins fjóra leiki í Kópavoginum. Geti Blikar skorað mörk og haldið vörninni í lagi getur liðið hæglega komist aftur í baráttu um Evrópusæti.

Nýliðar, en samt ekki

KA er mætt aftur í efstu deild í fyrsta sinn í þrettán ár. Liðið hefur styrkt sig gríðarlega undanfarin tvö ár og var mikið áfall fyrir norðan að komast ekki upp sumarið 2015. Þá var bara bætt í og gengu KA-menn frá Inkasso-deildinni í fyrra.

Þrátt fyrir að kallast nýliðar er gríðarleg reynsla í liðinu og mikil gæði en þar er fullt af mönnum sem hafa Pepsi-deildar reynslu og sumir hafa verið í atvinnumennsku. Það eru ekki margir nýliðar sem koma upp með Guðmann Þórisson, Almar Ormarsson, Steinþór Frey Þorsteinsson og Hallgrím Mar Steingrímsson innan sinna raða.

KA-mönnum er hvergi spáð falli og ekki nálægt því, frekar er talið að liðið geti barist í efri hlutanum.

Þjálfarinn, Srdjan Tufegdzic, betur þekktur sem Túfa, er þó nýliði í efstu deild og spurning er með markvörsluna hjá liðinu.

4

Allt lið Breiðabliks skoraði aðeins fjórum mörkum meira en nýju framherjarnir þrír til samans á síðustu leiktíð í Pepsi-deildinni.

Ágúst með töfravöndinn?

Fjölnismönnum spáði íþróttadeild 6. sæti en í fyrra setti liðið persónulegt met með því að fá 37 stig og enda í fjórða sæti. Það rétt missti af Evrópu á lokasprettinum og féll á hverju stóra prófinu á fætur öðru.

Fjölnismenn hafa misst miklu betri leikmenn en þeir fengu á móti en þrír lykilmenn í vörninni eru farnir auk Martins Lund sem var stundum eins manns her í sóknarlínunni.

Ástæða til bjartsýni er ekki mikil í Grafarvoginum en aldrei skal afskrifa Ágúst Gylfason, þjálfara Fjölnis, sem hefur gert ótrúlega hluti með liðið sama hverjir hafa yfirgefið það. **tomas@365.is**

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. apríl 2017

16. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Vill fá stóru bankana þrjá á markað

Lilja Björk Einarsdóttir, nýr bankastjóri Landsbankans, segir fyrirhugaða skráning Arion banka geta flýtt fyrir sölu á hlut ríkisins í bönkum. Enginn muni hins vegar kaupa í bönkunum upp á loforð um að bankaskatturinn fari mögulega. »4

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

»2

Setja 400 milljónir í Árvakur

Hlutafé Árvakurs, útgefanda Morgunblaðsins, verður aukið um í kringum 400 milljónir króna á næstu vikum. Hlutafjáraukningin er langt á veg komin.

»2

Bónusar upp á 2,7 milljarða

Eignarhaldsfélagið Glitnir HoldCo áætlar að bónusgreiðslur til handa stjórnarmönnum og nokkrum lykilstjórnendum félagsins verði samanlagt 22,85 milljónir evra, jafnvirði um 2,7 milljarða íslenskra króna.

»6

Lausbeisluð stefna

„Sú staðreynd að Ísland þarf hertari peningamálastefnu, en evrusvæðið þarf alls ekki á slíku að halda, sýnir greinilega af hverju upptaka evrunnar á Íslandi væri mjög slæm hugmynd.“

Auka hlutafé Árvakurs um 400 milljónir króna

Hlutafé Árvakurs, útgefanda Morgunblaðsins, verður samkvæmt heimildum Markaðarins aukið um í kringum 400 milljónir króna á næstu vikum. Hlutafjáraukningin er langt á veg komin og taka núverandi eigendur félagsins þátt í henni.

Einkahlutafélagið Þórsmörk á 99 prósent af hlutafé Árvakurs. Samkvæmt skráningu útgáfufélagsins hjá Fjölmiðlanefnd er Ramses II ehf., í eigu Eyþórs Arnalds, fjárfestis og fyrrverandi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Árborg, stærsti einstaki eigandi þess með 26,62 prósenta hlut. Félögin Hlynur A ehf. og Ísfélag Vestmannaeyja hf., bæði í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, útgerðarkonu í Vestmannaeyjum, koma þar á eftir með 16,38 prósent annars vegar og 13,43 prósent hins vegar.

Eyþór Arnalds, fjárfestir og hluthafi í Þórsmörk.

Eyþór, sem fór inn í hluthafahópinn í byrjun apríl þegar hann keypti eignarhluti útgerðarfélaganna Samherja, Síldarvinnslunnar og Vísis í Þórsmörk, vildi ekki tjá sig um hlutafjáraukninguna og benti á að forkaupsréttur annarra hluthafa á bréfum fyrirtækjanna þriggja er enn virkur.

Árvakur tapaði 164 milljónum 2015 samkvæmt nýjasta ársreikningi félagsins. Árið þar á undan nam tapið 42 milljónum en uppsafnað tap Árvakurs frá 2009 nemur tæpum 1,5 milljörðum króna. Árið 2015 námu rekstrartekjur félagsins 3,1 milljarði króna samanborið við 2,7 milljarða árið áður. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var þá 44 prósent. **– hg**

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

450 FASTEIGNASALA
450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavik - 450@450.is

Til sölu fyrirtæki með mikla framtíðarmöguleika

Fyrirtækið er í framleiðslu á heilsudrykkjum og tengdri starfsemi.
Um er að ræða bæði eigin framleiðslu sem og fyrir aðra.
Átöppunarlína, suðukatlar,ofnar, mulningsvélar og fl.
Möguleiki er á að kaupa húsnæðið eða gera langtíma leigusamning.
Góðir samningar við söluaðila, mjög auðvelt að bæta verulega við.

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu 450 fasteignasölu í síma 450-0000, eða hafið samband við Kristberg Snjólfsson aðstoðarmann fasteignasala í síma 892-1931 eða fyrirspurn á netfangið ks@450.is

Erlendur Davíðsson lögg. Fasteignasali netfang erlendur@450.is

450 fasteignasala ehf. kt. 620900-2490 Engjateigur 9, 105 Reykjavik 450.is 450@450.is Sími 450-0000

Greiðir 2.700 milljónir í bónus til lykilmanna

Greiðslur félagsins vegna bónusa til þriggja stjórnarmanna Glitnis HoldCo eru áætlaðar um 2.000 milljónir. Aðrir lykilstjórnendur, meðal annars íslenskir starfsmenn, fá um 700 milljónir. Laun forstjóra og stjórnar 230 milljónir í fyrra.

Eignarhaldsfélagið Glitnir HoldCo áætlar að bónusgreiðslur til handa stjórnarmönnum og nokkrum lykilstjórnendum félagsins verði samanlagt 22,85 milljónir evra, jafnvirði um 2,7 milljarða íslenskra króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Glitnis fyrir árið 2016, sem hefur ekki verið gerður opinber en Markaðurinn hefur undir höndum, en bróðurparturinn af þeirri fjárhæð, eða um 74 prósent, rennur í skaut þriggja stjórnarmanna Glitnis.

Stjórn Glitnis HoldCo er skipuð þremur erlendum ríkisborgum og munu greiðslur og launatengd gjöld félagsins að óbreyttu nema um tveimur milljörðum króna vegna bónusa til þeirra. Sá bónus sem stjórnarmennirnir geta því vænst að fá að meðaltali í sinn hlut á mann nemur yfir 600 milljónum. Afgangurinn af bónuspottinum – samtals um 700 milljónir – fer til íslenskra lykilstjórnenda félagsins. Þar munar langsamlega mest um greiðslur til Ingólfs Haukssonar, forstjóra Glitnis Holdco, Snorra Arnars Viðarssonar, forstöðumanns eignastýringar, og Ragnars Björgvinssonar yfirlögfræðings.

Markaðurinn greindi frá því 8. mars síðastliðinn að lykilstjórnendur Glitnis væru búnir að vinna sér inn bónusgreiðslur sem nemu samtals á bilinu 1.175 til 1.720 milljónum, samkvæmt útreikningum blaðsins á þeim tíma, í samræmi við umfangsmikið bónuskerfi sem var samþykkt á hluthafafundi í mars 2016. Ljóst var hins vegar að bónuspotturinn ætti eftir að stækka talsvert samhliða frekari útgreiðslum til skuldabréfaeigenda en í lok mars var Glitnir búið að greiða þeim samtals um 1.270 milljónir evra.

Núna liggur fyrir, samkvæmt áætlunum Glitnis HoldCo, að heildarbónusgreiðslur, ásamt launatengdum gjöldum, verði sem fyrr segir um 23 milljónir evra. Það er nánast sama upphæð – í evrum talið – og íslenska eignaumsýslufélagið ALMC, áður Straumur-Burðarás fjárfestingabanki, greiddi í bónusa til um tuttugu þáverandi og fyrrverandi lykilstarfsmanna í desember 2015. Fjórir æðstu stjórnendur félagsins fengu um helminginn af þeirri fjárhæð í sinn hlut í bónus.

Taconic og sjóður í eigu Soros eru á meðal hluthafa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

23

milljónir evra sem Glitnir áætlar í bónusgreiðslur til lykilstjórnenda er sama upphæð og starfsmenn Gamla Straums fengu í bónus í desember árið 2015.

Samkomulag sem stjórn Glitnis gerði undir lok síðasta árs við fyrrverandi meðlimi slitastjórnar Glitnis er ástæða þess að lykilstjórnendur félagsins hafa nú þegar unnið sér inn háar bónusgreiðslur. Samkomulagið fól meðal annars í sér í eingreiðslu upp á 640 milljónir til Steinunnar Guðbjartsdóttur og Páls Eiríkssonar gegn því að 68 milljóna evra skaðleysissjóður yrði lagður niður og fjármunirnir þess í stað greiddir út til hluthafa. Ef ekki hefði komið til þess samkomulags hefðu stjórnendur Glitnis þurft að bíða lengur eftir að fá greiddan bónus í sinn hlut – og heildarbónusgreiðslur hefðu sömuleiðis verið umtalsvert lægri.

Fram kemur í ársreikningi Glitnis að laun og þóknanir til stjórnarmanna og forstjóra Glitnis hafi verið samtals 1,9 milljónir evra, jafnvirði 230 milljóna króna, á árinu 2016. Aðalfundur Glitnis HoldCo fer fram í dag, miðvikudag, en samkvæmt tillögum sem hafa verið lagðar fyrir fundinn, og Markaðurinn hefur undir höndum, er lagt til að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt frá fyrra ári. Þannig mun Bretinn Mike Wheeler því fá 525 þúsund evrur á ári fyrir sín stjórnarstörf á meðan Daninn Steen Parsholt og Norðmaðurinn Tom Grøndahl fá hvor um sig 350 þúsund evrur.

Stærsti einstaki hluthafi Glitnis er félag í stýringu bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital sem eignaðist nýlega tæplega 10 prósenta hlut í Arion banka. Aðrir stórir hluthafar eru meðal annars Solus Alternative Asset Management og QPTF, sem er vogunarsjóður í eigu hins heimsþekkta fjárfestis George Soros.

hordur@frettabladid.is

Fjárfestir í Rósaseli fyrir tæpan milljarð

Fyrsti áfangi verslunarkjarnans Rósasels, sem er fjárfesting upp á rétt tæpan milljarð króna, verður að óbreyttu fjármagnaður að langstærstum hluta af Kaupfélagi Suðurnesja. Framkvæmdirnar skammt frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefjast þó ekki fyrr en í fyrsta lagi í haust en áttu upphaflega að fara af stað fyrir ári.

„Skipulagsmál hafa tafið framvindu verkefnisins en það voru kvaðir á svæðinu meðfram Reykjanesbraut sem voru í gamla skipulagi Keflavíkurflugvallar. Það er verið að létta af þessum kvöðum, og breyta aðal- og deiliskipulagi svæðisins, og við erum vongóðir um að framkvæmdir hefjist í ágúst eða september," segir Skúli Þ. Skúlason, stjórnarformaður Kaupfélags Suðurnesja.

Áform samvinnufélagsins um að byggja Rósasel, á um 20 þúsund fermetra lóð við síðasta hringtorgið áður en komið er að flugstöðinni, voru kynnt í ársbyrjun 2016 undir vinnuheitinu Rósaselstorg. Í ágúst í fyrra var tilkynnt um samninga við fjögur fyrirtæki um rekstur í verslunarkjarnanum. Nettó, sem er í eigu Samkaupa, dótturfélags Kaupfélags Suðurnesja, myndi opna matvöruverslun, Olís reka þar bensínstöð og Subway, Pizza Hut, KFC, Taco Bell og Grill 66 veitingastaði.

Svona sjá stjórnendur Kaupfélags Suðurnesja Rósasel fyrir sér.

„Við erum enn þá með viljayfirlýsingar við sömu aðila. Þeir koma einungis inn sem leigutakar en það eru ekki komnir skriflegir leigusamningar því við erum ekki enn komin með lóð og ekkert fast í hendi. Kaupfélag Suðurnesja er því enn sem komið er eini eigandi verkefnisins," segir Skúli. **– hg**

NJÓTTU ANDARTAKSINS

Heimsæktu náttúruna á Volvo V60 Cross Country. Mikil veghæð, há sætisstaða og frábær sæti er draumaþrennan fyrir unnendur náttúru og ævintýra. Aflmikil vélin og þýð sjálfskiptingin fer með þig þangað sem þig langar. Njóttu náttúrunnar af öryggi. Volvo öryggi.

BORGARÖRYGGI (CITY SAFETY)
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI
HEIMREIÐARLJÓS
7 TOMMU SKJÁR MEÐ NETTENGINGU
DVD SPILARI
VERÐ FRÁ 5.290.000 KR.

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO V60 CROSS COUNTRY

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

„Kannski mun okkur ekki takast að endurheimta traustið að fullu fyrr en við – bankinn og viðskiptavinir okkar – þurfum að takast á við niðursveiflu í efnahagslífinu," segir Lilja. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Nauðsynlegt að fá bankana á markað

Lilja Björk Einarsdóttir segir Borgunarmálið hafa sýnt að almenningur og fjölmiðlar fylgist vel með bankanum. Enginn mun kaupa í bönkunum upp á loforð um að bankaskatturinn fari mögulega í framtíðinni. Nýjar höfuðstöðvar verði í húsnæði sem hægt sé að minnka.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Lilja Björk Einarsdóttir tekur við starfi bankastjóra Landsbankans á ákveðnum tímamótum. Fortíðarvandi bankahrunsins, sem hefur sett mikið mark sitt á rekstur allra íslensku bankanna á undanförnum árum, er að baki og fyrir liggur að meiriháttar breytingar eru fram undan á eignarhaldi helstu fjármálafyrirtækja landsins.

„Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá alla bankana þrjá á markað," segir Lilja Björk Einarsdóttir í viðtali við Markaðinn, rúmlega einum mánuði eftir að hún hóf störf í bankanum. Hún telur að fyrirhuguð skráning Arion banka á hlutabréfamarkað geti hugsanlega orðið til þess að flýta fyrir sölu ríkisins á þeim hlutum sem það fer með í bönkunum, meðal annars í Landsbankanum. „Ég held að ef Arion banki verður skráður á hlutabréfamarkað, eins og rætt hefur verið um, þá sé mjög æskilegt að hinir bankarnir fari á markað að hluta til. Það veitir aðhald og gefur markaðnum dýpri og betri upplýsingar um bankana."

Lilja segir hins vegar að þegar tekin verði ákvörðun um að hefja söluferlið þurfi að gæta að því að sem hæst verð fáist fyrir hlutina – og þar verði stjórnvöld aðeins að líta í eigin barm enda sé ljóst að það muni ekki takast nema bankinn geti sýnt rekstrarárangur yfir nokkurra ára tímabil án bankaskatts. „Allir alvöru kaupendur munu fara fram á afslátt af kaupverðinu út af bankaskattinum. Það er alveg augljóst."

Þessi bankaheimur er því í huga almennings dálítið gruggugur, þar sem oft og tíðum er erfitt að skilja um hvað þessi viðskipti snúast, og því margt sem vekur óhjákvæmilega efasemdir.

30

milljörðum minna er verðmæti hlutafjár Landsbankans vegna bankaskattsins.

Vinnur ekki á móti okkur

„Ég ætlaði ekki að koma heim strax," segir Lilja þegar hún er spurð hvernig það kom til að hún ákvað að sækjast eftir starfi bankastjóra Landsbankans eftir að hafa búið og starfað í Bandaríkjunum og Bretlandi undanfarin tuttugu ár – síðast í London þar sem Lilja stýrði starfsemi, eignaumsýslu og endurheimt eigna gamla Landsbankans (LBI).

„Við vorum búin að ljúka því verkefni að greiða forgangskröfuhöfum LBI til baka að fullu. Það var heilmikill léttir af því að það var um tíma ófyrirséð hvort okkur myndi nokkurn tíma takast það. Ég var því á þeim tímapunkti að hugsa um næstu skref og var að skoða önnur verkefni, sem voru ekki tengd bankageiranum, til að taka að mér í London. Það blundaði samt í okkur fjölskyldunni að fara að koma heim, kannski á næstu þremur árum. En þegar sú staða kemur upp að starf bankastjóra er auglýst kom ekki annað til greina en að setja nafnið mitt í hattinn og láta á það reyna enda hef ég hef ávallt haft sterkar taugar til Landsbankans."

Landsbankinn er nánast að fullu í eigu ríkisins og er þar af leiðandi oftar en ekki skotspónn í opinberri umræðu, einkum á meðal stjórnmálamanna. Þótti þér ekkert frábrindandi að starfa í slíku umhverfi?

„Það að bankinn sé í eigu ríkisins finnst mér ekki vinna á móti okkur. Eigandinn skiptir í sjálfu sér ekki höfuðmáli fyrir það sem við erum að gera – tryggja góðan og arðsaman rekstur, byggja upp traust og skila arði til samfélagsins. Sú staðreynd að ríkið er eigandi bankans hefur að einhverju leyti hjálpað okkur við þessi verkefni."

Aðild að ESB og upptaka evru ekki raunhæfur kostur til að auka stöðugleika á Íslandi

Stjórnvöld hafa sett á fót verkefnisstjórn um endurskoðun peningastefnunnar í því skyni að koma með tillögur um hvernig megi draga úr gengissveiflum krónunnar og skapa þannig forsendur fyrir lægri raunvöxtum. Spurð hvort hún sé sammála þeim sem telja svigrúm fyrir Seðlabankann til að lækka vexti enn frekar segist Lilja ekki vilja tjá sig of mikið um vaxtastefnu Seðlabankans.

„Það er vissulega stöðugt áhyggjuefni að það sé dýrt að taka lán á Íslandi. Þetta er einkum vandamál fyrir fyrirtæki sem þurfa fjármagn til að vaxa og við erum núna á þeim stað að ekkert fyrirtæki tekur lán í erlendri mynt, þar sem vextir eru lægri, ef það eru ekki einnig með tekjur á móti í gjaldeyri. Þá sjáum við núna á einstaklingsmarkaði með húsnæðislán að þrátt fyrir allt sem sagt hefur verið um verðtryggð lán eftir fjármálahrunið þá velja flestir einstaklingar sér slík lán vegna þess að fólk treystir sér ekki til að ráða við þær sveiflur sem geta orðið á endurgreiðslum óverðtryggðra lána."

En getum við náð vöxtum niður og haldið áfram með krónuna sem gjaldmiðil til frambúðar?

„Það er auðvitað búið að ræða krónuna fram og til baka í áraraðir. En hvað á að koma í staðinn fyrir krónuna? Það virðist engin samstaða vera þar um neinn raunhæfan valkost. Ætlum við að ganga inn í Evrópusambandið og taka upp evruna – er það raunhæft? Þar er enn til staðar djúpstæður efnahagsvandi, meðal annars í löndum eins og á Spáni, í Portúgal, Frakklandi og Grikklandi, sem hefur að stórum hluta verið sópað undir teppið. Þannig að ég get að minnsta kosti ekki séð að það geti verið raunhæfur kostur til að auka stöðugleika, að minnsta kosti ekki eins og staðan er núna."

Lilja tekur við starfinu við nokkuð óvenjulegar aðstæður. Bankaráð og bankastjóri Landsbankans höfðu verið undir mikilli gagnrýni um nokkurt skeið vegna umdeildrar sölu á hlut bankans í Borgun og í lok síðasta árs lét forveri hennar í starfi, Steinþór Pálsson, af störfum. Lilja segist hafa fylgst með Borgunarmálinu í fjölmiðlum, rétt eins og hver annar Íslendingur, en vill aðspurð lítið tjá sig um hvort hún telji þá gagnrýni hafa verið réttmæta og vísar til þess að bank- ➡

Fólk

MIÐVIKUDAGUR 26. APRÍL 2017

Viðburðir

Barnamenningarhátíð Reykjavíkur hófst í gær og margt skemmtilegt er í boði í dag. Ráðhúsið hefur breyst í ævintýrahöll.

Viðburðir →4

Heppin brúðhjón munu hljóta pott og pönnu frá LeCreuset í vinning.

Brúðkaups-kvöld á Laugavegi

Verslunin Kúnígúnd á Laugavegi stendur fyrir brúðkaupskvöldi á morgun í samstarfi við Gull & silfur, Sandholt bakarí og Rolf Johansen & co. Þar geta verðandi brúðhjón kynnt sér ólíkar hliðar brúðkaupsundirbúnings á einum stað. →2

Framhald af forsíðu

Á morgun, fimmtudag, verður haldið brúðkaupskvöld í verslununinni Kúnígúnd á Laugavegi 53 í samstarfi við Gull & silfur, Sandholt bakarí og Rolf Johansen & co.

Að sögn Dísu Sigurðardóttur, markaðsfulltrúa Kúnígúnd, er hugmyndin komin frá starfsfólki Kúnígúnd sem langaði til þess að veita tilvonandi brúðhjónum margþætta ráðgjöf. „Starfsfólk okkar vildi búa til viðburð þar sem brúðhjón geta komið og kynnt sér ólíkar hliðar brúðkaupsundirbúnings á einum stað. Þetta er í fyrsta sinn sem Kúnígúnd stendur fyrir slíkum viðburði og við hlökkum mikið til morgundagsins. Það hefur verið lítið um svona viðburði á þessu svæði og vildum við breyta því en Kúnígúnd, Gull & silfur og Sandholt bakarí eru öll til húsa hér á Laugaveginum."

Kúnígúnd býður tilvonandi brúðhjónum að koma við á milli kl. 18 og 20 þar sem þau geta stofnað brúðargjafalista og fengið ráðgjöf. „Flestum veislugestum finnst gott að fá ábendingar og hugmyndir að brúðkaupsgjöfum og því virka svona listar mjög vel. Auk þess sjáum við til þess að sama varan sé ekki keypt tvisvar. Brúðhjón sem eru með gjafalista hjá okkur fá líka 15% kaupauka frá verslununni."

Fagleg ráðgjöf

Á morgun verða borðin í verslununi dekkuð með mismunandi matarstellum en úrvalið er mikið hjá Kúnígúnd. „Þar má nefna matarstell frá Royal Copenhagen, Georg Jensen, Villeroy & Boch og fleirum. Gestir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og fengið skemmtilegar hugmyndir fyrir veisluborðin."

Á staðnum verður einnig sérfræðingur frá Gulli & silfri sem mun vera með hringa og annað skart til sýnis. Verslun Gulls & silfurs á Laugavegi 52 verður opin á sama tíma þar sem ýmis tilboð verða þetta eina kvöld. Sandholt bakarí býður gestum upp á kökusmakk og ráðgjöf auk þess sem Rolf Johansen & co. mun bjóða upp á freyðivín og vínsmakk. „Starfsfólk í Kúnígúnd mun veita faglega ráðgjöf um réttu gjafirnar á brúðargjafalistann auk þess að finna réttu búsáhöldin og heimilistækin fyrir heimili tilvonandi hjóna. Þetta verður rómantísk og notaleg kvöldstund þar sem til mikils verður að vinna. Brúðhjón sem koma á kvöldið geta skráð sig í pott og verða þrenn brúðhjón dregin út sem munu hljóta veglega vinninga frá KitchenAid, Georg Jensen og LeCreuset að andvirði allt að 89.995 kr."

Kúnígúnd selur hin geysivinsælu matarstell frá Royal Copenhagen. Á brúðkaupskvöldinu verður hægt að skoða allt úrvalið. MYNDIR/GVA

Þessi stórglæsilegi Cobra-lampi frá Georg Jensen mun prýða heimili heppinna brúðhjóna sem skrá sig í pottinn á brúðkaupskvöldinu.

Heppin brúðhjón munu hljóta þessa glæsilegu KitchenAid-hrærivél í vinning.

Úrval af KitchenAid-tækjum fæst í Kúnígúnd. Á morgun mun sérfræðingur svara öllum spurningum gesta um KitchenAid-tækin.

Mikið úrval af fallegum munum frá Georg Jensen til að skreyta heimilið.

Í Kúnígúnd fæst úrval af fallegum hágæðabúsáhöldum, pottum, pönnum og matarstellum.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

GLÆSILEGAR DANSKAR

INNRÉTTINGAR

Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.


Baðherbergi

Góðar hirslur

Innbyggðar uppþvottavélar

Pottaskápar

Allar útfærslur

Fataskápar

kitchn®
HREINT OG KLÁRT

Sérsmíði

Þvottahús

Úrvalið er hjá okkur

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15

friform.is

Mála miðbæinn grænan

Barnamenningarhátíð stendur nú yfir og af því tilefni verður sögubíllinn Æringi á ferðinni með leikskólabörnum, sem ætla að mála bæinn grænan með galdravatni. Ólöf Sverrisdóttir stýrir Æringja og segir sögur.

Í ár er þema Barnamenningarhátíðar umhverfi og náttúra. Líkt og undanfarin ár býður Borgarbókasafn upp á fjölbreytta dagskrá svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, svo sem listasmiðjur í bókagerð, grímugerð og tungumálaauðlindir. Hátíðin stendur yfir fram á sunnudag.

Sögubíllinn Æringi verður á ferð um miðbæinn í dag, á morgun og á föstudaginn með Ólöfu í fararbroddi en hún verður í hlutverki Sólu sögukonu, sem er dóttir Grýlu og systir jólasveinanna. „Í dag ætlum við hjá Æringjanum að fara með grænt galdravatn niður á Lækjartorg og mála bæinn grænan með góðri aðstoð leikskólabarna. Við ætlum að mála út um allt, svo við höfum náttúruliti í kringum okkur. Þetta verður dálítið eins og götuleikhús. Ég ætla líka að segja börnunum eina umhverfisvæna sögu," segir Ólöf, sem situr við stýrið á ævintýrabílnum Æringja sem mörg börn kannast við.

Ólöf hefur stýrt Æringja í bráðum tíu ár og hefur alltaf verið með viðburð á Barnamenningarhátíð. Þar fyrir utan heimsækir hún leikskóla og frístundaheimili borgarinnar yfir veturinn, við mikinn fögnuð ungu kynslóðarinnar. „Börnin eru nær undantekningalaust ánægð með að fá mig í heimsókn. Þeim finnst svo gaman að koma inn í bílinn og fá að heyra sögu," segir Ólöf en Æringi er verkefni á vegum Borgarbókasafnsins.

Æringi er fagurlega skreyttur að utan með myndum eftir Brian Pilkington og dökk flauelstjöld og sjálflýsandi stjörnur prýða hann innandyra. Þetta skapar skemmtilega og spennandi umgjörð fyrir sögurnar sem Ólöf segir börnunum.

„Allt umhverfið er ævintýralegt og öll börn verða stillt og prúð þegar þau fá að hlusta á góða sögu. Börnin koma í litlum hópum að hlusta á sögur og stundum sýni ég myndirnar á meðan ég segi söguna. Ég legg áherslu á íslenskar bækur en er líka með eina sem heitir Babajaka og er í miklu uppáhaldi hjá mér. Höfundurinn er amerísk kona af rússneskum ættum og skrifar hana á ensku. Ég hef þýtt hana og segi börnunum mína útgáfu. Mér finnst líka gaman að segja söguna hennar Guðrúnar Hannesardóttur um skessuna sem leiddist. Svo eru fleiri sögur sem ég hef æft vel og hef gaman af að segja. Til dæmis söguna af Sólu sem ég samdi sjálf eða Sóla og sólin. Mér finnst mikilvægt að hafa þetta fjölbreytilegt," segir Ólöf og bætir við að börnin séu svo þakklát og þau eldri hafi ekki síður gaman af því að heyra góða sögu.

„Í dag ætlum við hjá Æringjanum að fara með grænt galdravatn niður á Lækjartorg og mála bæinn grænan með góðri aðstoð leikskólabarna." MYND/STEFÁN

Æringi er fagurlega skreyttur myndum eftir Brian Pilkington. MYND/STEFÁN

Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365

ENDALAUS GSM

365

365.is
Sími 1817

Hvaða leið hentar þér?

LEIÐ 1
✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
✓ 0 GB gagnamagn
790kr.

LEIÐ 2
✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
✓ 1 GB gagnamagn
1.680kr.

LEIÐ 3
✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
✓ 5 GB gagnamagn
2.680kr.

LEIÐ 4
✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
✓ 30 GB gagnamagn*
3.490kr.

365.is | Sími 1817 365

*Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evróski Draumurinn og Ameríski Draumurinn. 30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB.

Fjölbreytt barnamenning

Barnamenningarhátíð Reykjavíkur hófst í gær og margt skemmtilegt er í boði í dag. Ráðhúsið hefur breyst í Ævintýrahöll og í dag kl. 10 opnar borgarstjóri listsýningu nemenda í Klettaskóla á fyrstu hæð. Þar eru sýnd listaverk sem ungir listamenn hafa skapað með nýrri tækni. Frikki Dór kemur og spilar nokkur lög.

Klukkan þrjú í dag verður opnuð listsýning leikskólabarna þar sem þau fjalla um borgina. Um 200 börn verða við opnunina og verður söngur, glens og gaman. Útitónleikar verða í Björnslundi fyrir alla fjölskylduna kl. 17 í dag en hann er að Elliðavaði 15. Börn og ungmenni úr Norðlingaholti koma saman og skemmta gestum. Hæfileikakeppni unglinga verður síðan í Austurbæjarbíói kl. 19.30. Þar verður rapp, söngur, trommuleikur, sirkusatriði, dans og fleira.

Það gerist margt skemmtilegt á Barnamenningarhátíð ár hvert.

hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

SUZUKI

EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

VAKA

Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

BRAUT BÍLASALA

SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2012, ekinn 115 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.103503. Mjög gott eintak

SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2013, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.103586. Mjög gott eintak

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu

Seldur.is

KAUPUM BÍLA
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð

NULL
Nissan micra 2004.ssk.106km V:350þús. S:6162597

Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SA SIMASPA I
S. 844 6845 / 462 4564
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is

SKODA Octavia ambiente combi
Verð: 890.000
Árgerð: 2006 | Dísel
Ekinn: 175þ.km. | 6 gírar
Rnr.250202.

SUBARU Forester
Verð: 990.000
Árgerð: 2006 | Bensín
Ekinn: 105þ.km. | 4 gírar
Rnr.270515.

DACIA Duster
Verð: 1.500.000
Árgerð: 2013 | Dísel
Ekinn: 175þ.km. | 6 gírar
Rnr.270250.

HOBBY 560 ul
Verð: 3.990.000
Árgerð: 2016 | Bensín
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.107970.

HOBBY 495 ul premium
Verð: 4.390.000
Árgerð: 2017
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.280013.

BMW 330 e luxury line plug-in hybrid
Verð: 5.290.000
Árgerð: 2016 | Bensín
Ekinn: 13þ.km. | Sjálfskiptur
Rnr.250174.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI Í BOÐI.
Atvinnurekstur, Vesturbær. Til leigu lítið en gott húsnæði, Vesturbæ Reykjavíkur, Grandaveg, fyrir einfaldan rekstur. Allt nýtt. Gott eldhús, nýtt baðberbergi með sturtu. Fallegt útsýni yfir sjávarsíðuna í átt að Seltjarnarnesi. Hentar vel fyrir bókhald, nudd, hugmyndasmiðju og fl. Leiguverð kr. 150.000.-

Áhugasamir hringi, Ragnar simi 8617227.

Atvinna

Atvinna í boði

BAKARÍ / KAFFIHÚS
Starfskraftur óskast í sumarafleysingar í bakarí eftir hádegi og annan hvern lau. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is

Olíudreifing

MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI
Við leitum að bílstjórum með meirapróf í sumarstörf í Reykjavík. Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störfin. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937 eða á www.odr.is
Sótt er um störfin á vef Olídreifingar www.odr.is

Atvinna

Starfsmaður vanur vélaviðgerðum óskast.

Prima ehf. óskar eftir starfsmanni á verkstæði félagsins. Um er að ræða viðhald og viðgerðir á jarðvinnuvélum, vörubifreiðum og öðrum ökutækjum ásamt smærri vélum og verkfærum. Prima ehf. sérhæfir sig í jarðvinnu, húsarifi, veggsögun, kjarnaborun og múrbroti. Mikil vinna framundan.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Þorstein í síma **852-5808 eða á prima@primaehf.is**

Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
www.talentradning.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
Sími: 552-1600

Fasteignir

Skólavörðustígur - til sölu eða leigu

Frábær staðsetning

Til leigu er 51 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð við Skólavörðustíg 6b, 101 Reykjavík. Miklir möguleikar. Húsnæðið er laust nú þegar til afhendingar.

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Atvinna

SMIÐIR, RAFVIRKJAR, PÍPARAR, BIFREIÐASTJÓRAR, VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

FLÓAHREPPUR

Er ekki kominn tími til að breyta til?

Krakkaborg

Leikskólakennarar, deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 40-45 börn frá 9 mánaða aldri. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður mjög góður. Hér er góður starfsmannahópur, yndisleg börn og jákvæðir foreldrar. Umhverfi leikskólans bíður upp á óendanlega möguleika. Við erum að vinna að nýrri stefnu leikskólans, höfum sótt um Skóla á grænni grein og margt annað skemmtilegt er framundan. Ef þú ert leikskólakennari sem vilt vera virkur hluti liðsheildar, jákvæður og skapandi þá ættirðu ekki að hika. Við erum falin perla rétt fyrir utan Selfoss.

Hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Metnaður og áhugi fyrir faglegu leikskólastarfi
- Frumkvæði og jákvæðni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Allar umsóknir verða teknar til skoðunar og þeim svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands. **Umsóknarfrestur er til og með 9. maí.**

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir leikskólastjóri í síma 480-0151. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið guggaholm@floahreppur.is

Vissir þú að... börn eiga rétt á að leika sér

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Tilkynningar

Deiliskipulag fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði.

Tálknafjörður

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði.

Breytingin felur í sér að hluti byggingarreits B2 er stækkaður um 25m til austurs og verður 10.300m² í stað 7400m². Skilmálar eru óbreyttir frá gildandi deiliskipulagi. Megin tilgangur þessarar breytingar er að skapa pláss á byggingareit fyrir stoðmannvirki við seiðaeldið sem þurfa að vera staðsett ofar í landinu eins og vatnstank og súrefnistank.

Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Miðtúni 1 frá og með **26. apríl nk. til 9. júní 2017**. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps, www.talknafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskiplögin til **9. júní 2017**.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtún 1, 460 Tálknafirði.

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Fasteignir

RÓTGRÓIN HÁRGREIÐSLUSTOFA Á STÓR-REYKJAVÍKURSVÆÐINU TIL SÖLU

Af sérstökum ástæðum er nú til sölu arðbær og vandlega innréttuð hárgreiðslustofa á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Rúmlega 30 ára farsæl rekstrarsaga.
6 vinnustöðvar og möguleiki að fjölga um 2-3 til viðbótar.
Mögulegt að fá húsnæði keypt.

Allar frekari upplýsingar eingöngu veittar hjá Agnari s. 820-1002 á skrifstofu Domusnova fasteignasölu, Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

DOMUSNOVA Fasteignasala

Ábyrgðarmaður Domusnova: Haukur Halldórsson, hdl., lgf.

Nýbýlavegur 8. - 200 Kópavogur - S: 527 1717 - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is

TRAUSTI fasteignasala

VIÐ ERUM TRAUSTI

Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

Hákon Guðmundsson
Aðstoðarmaður fasteignasala.
S: 861-9240

Einar P. Pálsson
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392

Guðbjörg Matthíasdóttir.
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

Sólveig Regína Biard
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

Bryndís Bára Eyjólfsdóttir
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

Bára Daníelsdóttir
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

Gylfi Jens Gylfason
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

Garðar Kjartansson
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779

HLÍÐARTÚN 4A, 270 MOSFELLSBÆ

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30 – 18:00

Rúmgott og bjart parhús á þessum gróna stað við Hlíðartún í Mosfellsbæ. Eignin er 198,5 fm., þar af er innbyggður 31 fm. bílskúr með gryfju. Lóðin sem fylgir eigninni er einstaklega stór. Skipt hefur verið um glugga á fremri hlið hússins og útidyrahurð.

Verð 59,9 millj.

BOLLAGATA 14, 105 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30 – 18:00

Falleg 57,4 fm. 2ja herb. lítið niðurgrafin kjallaraíbúð. Íbúðin er með stórum gluggum og sérinngangi. Eignin er miðsvæðis með stórum og vel hirtum sameiginlegum garði. Húsið hefur nýlega verið viðgert og steinað og lítur mjög vel út.

Verð: 31,9 millj.

LYNGÁS 1A, 210 GARÐABÆ

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18:00 – 18:30

Glæsileg 170 fm. 4 herb. penthouse íbúð á efstu hæð með ótrúlegu útsýni í allar áttir af tveimur svölum. Íbúðin er tilbúin til afhendingar án gólfefna við kaupsamning.

Verð: 79 millj.

DRÁPUHLÍÐ 15, 105 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 27. APRÍL KL.17:30 – 18:00

Rúmgóð og björt 4ra herbergja 106,8 fm. íbúð á 2. hæð í snyrtilegu fjórbýli við Drápuhlíð. Samliggjandi stofur, útgengt út á svalir. Rúmgóð svefnherbergi. Snyrtilegt þvottahús í sameign.

Verð: 49,9 millj.

Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

inn stendur núna í málaferlum fyrir dómstólum vegna málsins.

„En það er vissulega eðlilegt að það skuli vekja umtal þegar jafn stór eign er seld og seinna meir kemur í ljós að þar inni voru meiri verðmæti en lá fyrir við söluna. Það má segja að Borgunarmálið sýni að almenningur og fjölmiðlar fylgjast vel með bankanum. Staða Landsbankans er síðan þannig að umtalið um hann verður ef til vill meira en um önnur fyrirtæki en það er nokkuð sem ég hafði í huga þegar ég tók við starfinu," segir Lilja.

Borgunarmálið snerist öðrum þræði um lítið traust almennings í garð fjármálakerfisins. Hvernig er hægt að endurheimta þetta trraust og er umræðan í Bretlandi sambærileg við umræðuna hér á Íslandi?

„Í Bretlandi er bankakerfið aðeins fjarlægara venjulegu fólki en hér á landi. Fjármálahverfið í London, þar sem ég þekki vel til, er dálítið eins og verksmiðjuframleiðsla. Fólk vinnur þar yfirleitt langa vinnudaga og fær vel greitt og þess vegna sækja margir í þessi störf. Þetta er mikill iðnaður og almennt er mikill skilningur á mikilvægi hans fyrir breskt efnahagslíf í ljósi þess að London er alþjóðleg fjármálamiðstöð. Það er kannski ein ástæða þess að umræðan um bankakerfið í Bretlandi er ekki eins neikvæð.

Á Íslandi var farin sú leið að rífa plásturinn af eftir bankahrunið og reyna að skilja til fulls það sem gerðist í aðdraganda þess. Almenningur hefur því fengið miklar upplýsingar um það sem var í gangi á þessum árum. Þessi bankaheimur er því í huga almennings dálítið gruggugur, þar sem oft og tíðum er erfitt að skilja um hvað þessi viðskipti snúast, og því margt sem vekur óhjákvæmilega efasemdir. Ég skil það mjög vel þegar litið er til forsögunnar hér á landi.

Það má hins vegar ekki gleyma því að mjög margt hefur verið gert til að breyta starfsháttum innan bankageirans sem mun vonandi skila sér í auknu trausti almennings. Landsbankinn leggur áherslu á að vinna með viðskiptavinum sem samherji og við viljum ekki að þeir fari of geyst. Það mun borga sig til lengri tíma litið. Kannski mun okkur ekki takast að endurheimta traustið að fullu fyrr en við – bankinn og viðskiptavinir okkar – þurfum að takast á við niðursveiflu í efnahagslífinu."

Landsbankinn þarf mun minna húsnæði undir nýjar höfuðstöðvar

Landsbankinn hefur í talsverðan tíma haft í hyggju að reisa sér nýjar höfuðstöðvar og hefur þar helst horft til nýbyggingar á lóð í eigu bankans á Austurhöfn, við hlið lúxushótels sem þar á að rísa. Þau áform hafa mætt nokkurri andstöðu, meðal annars frá stjórnmálamönnum, en í tilkynningu í júlí 2015 kom fram að bankinn hefði tekið ákvörðun um að ráðast í slíka nýbyggingu og áttu framkvæmdir að hefjast í árslok 2016 eða í byrjun þessa árs. Heildarfjárfesting með lóðaverði átti að nema átta milljörðum og byggingin að vera um 16.500 fermetrar.

Lilja segir það staðreynd að bankinn sé núna í „allt of stóru húsnæði sem við erum að borga of mikið fyrir og eigum erfitt með að aðlaga það að minnkandi starfsemi". Landsbankinn er með starfsemi á þrettán stöðum í miðborginni einni saman auk þess sem miðlæg starfsemi er til húsa á fleiri stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta mál beið mín þegar ég tók til starfa og ég hef núna verið að skoða þá möguleika sem eru í stöðunni. Við eigum lóð við Austurhöfn en í millitíðinni hafa einnig komið upp aðrir valkostir. Aðstæður okkar hafa breyst og við þurfum minna húsnæði en fyrri áform gerðu ráð fyrir. Starfsmenn eru færri og við erum að horfa til annars konar vinnulags þar sem meiri þörf er á sveigjanleika og að starfsmenn geti unnið í hópum. Við þurfum því ekki allt það byggingamagn sem áður var búið að ákveða. Áður var gert ráð fyrir 14.000 fermetrum undir okkar starfsemi en nú er miðað við 10-11.000 fermetra.

Ertu þá að horfa til þess að höfuðstöðvarnar verði annars staðar en á Hörpureitnum?

„Við höfum ekki einn kost í huga umfram annan heldur aðeins að láta fara yfir fyrri tillögur og áætlanir og endurskoða þær með hliðsjón af breyttum aðstæðum. Það er alveg ljóst að kröfurnar hafa breyst nokkuð á undanförnum árum samhliða örum tækninýjungum í bankaviðskiptum og ég sé fyrir mér að starfsmönnum Landsbankans haldi áfram að fækka. Þess vegna er mjög gott að vera í húsnæði sem við getum líka minnkað enda viljum við ekki aftur vera í þeirri spennutreyju að vera í of stóru húsnæði með mikið af plássi sem við getum hvorki nýtt né losað okkur við. Ég er að fara ræða þessi mál við bankaráð en get ekki sagt nákvæmlega til um hvenær niðurstaða liggur fyrir en þetta mál er í forgangi. Það er brýnt að klára þetta og við erum undir tímapressu."

Þannig að ef ákveðið verður að reisa höfuðstöðvarnar á lóð bankans við Hörpu þá verða þær ekkert í líkingu við það sem áður var lagt upp með varðandi stærð?

„Ef við förum á þessa lóð þá munum við þurfa að nota minni hluta af þeim byggingarétti sem við eigum. Um leið fáum við tækifæri til að losa okkur við verðmætt húsnæði þar á góðu verði sem er auðvitað kostur. Það er ávallt hægt að leigja út eða selja skrifstofuhúsnæði á jafn eftirsóknarverðum stað í miðborginni."

Umræða um aðskilnað á ekki við

Lilja bendir einnig á að það þurfi að koma því betur á framfæri um hvað bankarekstur snúist – og þær miklu breytingar sem hafa orðið á regluverki um starfsemi fjármálafyrirtækja eftir bankahrunið. Þá er búið að girða fyrir margt af því sem var talið hafa orsakað þau dómínó-áhrif sem urðu á Íslandi, meðal annars hversu mikið bankar geta lánað til tengdra aðila, og þá hafa eiginfjárkröfur verið hertar til muna. Ef við ætlum að skila viðunandi arðsemi þá getur bankinn ekki farið í mjög áhættusamar lánveitingar – og þess vegna gerum við það ekki. Við erum ekki á þeim stað lengur. Það er mikilvægt fyrir fólk að skilja að þegar það leggur pening inn í Landsbankann þá er það setja hann á öruggan stað því bankinn mun ekki að taka mikla áhættu með þá fjármuni. Við erum í reynd aðeins að sinna hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi en innan við fimm prósent af starfsemi okkar telst vera fjárfestingabankastarfsemi. Umræða um aðskilnað þessara sviða á því ekki lengur við."

Þú ert því ekki sammála þeim sem tala fyrir hreinum aðskilnaði viðskipta- og fjárfestingabanka?

„Nei, við erum að starfa á svo litlum markaði hérna á Íslandi. Regluverkið sem bankarnir starfa undir veldur því að fastur kostnaður er mikill. Við þurfum að hafa möguleika á því að veita viðskiptavinum okkar sem fjölbreyttasta þjónustu til að geta staðið undir þeim kostnaði."

Tækifæriskostnaður ríkisins

Bankastjórar Arion banka og Íslandsbanka hafa gagnrýnt mjög þá sértæku skatta sem bankarnir þurfa að greiða, einkum bankaskattinn svonefnda, sem þeir segja að dragi verulega úr arðsemi og skekki samkeppnisstöðuna, til dæmis við lífeyrissjóði á íbúðalánamarkaði. Hvernig horfa þau mál við þér?

„Fyrir utan arðsemina þá hefur þessi skattlagning tvenns konar meiriháttar áhrif á starfsemi íslenskra banka. Annars vegar getum við ekki boðið öflugustu fyrirtækjum landsins sambærileg kjör við það sem þau geta fengið hjá erlendum bönkum. Bankaskatturinn einn og sér veldur því að vextir sem við bjóðum eru um 0,4 prósentum hærri en ella væri. Við erum því að missa þau úr landi hvað varðar fjármögnun í erlendri mynt og við það glatast jafnframt þekking innan bankans á þessum mikilvægu fyrirtækjum. Þetta er því markaður sem við erum að detta út af og það verður alltaf erfiðara að ná þar aftur fótfestu eftir því sem sambönd íslensku fyrirtækjanna byggjast upp erlendis.

Stóra málið núna er samt tækifæriskostnaður ríkisins af því að vera með bankaskattinn. Það er yfirlýst stefna hjá stjórnvöldum að hefja sölu á hlut ríkisins í bönkunum. Það má segja að það sé búið að skapa ákveðna umgjörð í kringum söluna; efnahagsreikningar bankanna hafa verið hreinsaðir, regluverkið hefur tekið miklum breytingum, höftin hafa verið afnumin og allt efnahagsumhverfið er orðið betra og stöðugra. Við erum því núna komin út úr fortíðarvanda bankahrunsins nema að það kaupir enginn í bönkunum upp á það loforð að bankaskatturinn fari mögulega í framtíðinni. Allir alvöru kaupendur munu því fara fram á afslátt af kaupverðinu út af bankaskattinum. Það er alveg augljóst. Ef ætlunin er að fá sem hæst verð fyrir bankann í náinni framtíð þá verðum við að geta sýnt rekstrarárangur yfir nokkurra ára tímabil í eðlilegu umhverfi þar sem ekki er bankaskattur.

> **Okkar sérfræðiþekking er augljóslega mest á íslenska markaðnum og hefðbundinn viðskiptabanki eins og Landsbankinn er ekki að fara að flytja hana úr landi.**

Bankinn hefur sett sér tíu prósenta arðsemismarkmið. Það þýðir að verðmæti hlutafjár bankans er um 30 milljörðum króna minna en ella vegna bankaskattsins af því að Landsbankinn er að greiða um þrjá milljarða á ári í bankaskatt. Þetta er því kostnaður sem stjórnmálamenn verða að horfa til enda hefur þessi skattur bein áhrif á verð bankans við sölu."

Opna ekki skrifstofu í London

Talandi um samkeppnisstöðu. Í fyrsta skipti frá bankahruni er einn af stóru bönkunum, Arion banki, að komast í hendur virkra eigenda. Hvaða þýðingu heldurðu að þetta hafi fyrir Landsbankann?

„Ég vil nú meina að Bankasýsla ríkisins sé virkur eigandi og aðhaldið sem við fáum úr þeirri átt er gott. Það er mjög sterk krafa til okkar um að skila góðri arðsemi og við þekkjum orðið mjög vel helstu áherslur eigenda okkar. Hjá Landsbankanum vinnur keppnisfólk sem vill ná góðum árangri. Ég hlakka þá bara til að sjá hvort það verði áherslubreytingar með nýjum eigendum að Arion banka sem muni þýða að við þurfum að fást við annars konar samkeppni. Ég get ekki séð annað en að við stöndum þar gríðarlega vel að vígi."

Umsvif ríkisins á bankamarkaði hérlendis eru einsdæmi á Vesturlöndum og sú fjárhæð sem það er með bundna sem eigið fé í stóru bönkunum nemur yfir tuttugu prósentum af landsframleiðslu. Bindurðu vonir við að ríkið hefji fyrr frekar en síðar söluferli á hlut sínum í Landsbankanum?

„Ég held að ef Arion banki verður skráður á hlutabréfamarkað, eins og rætt hefur verið um, þá sé mjög æskilegt að hinir bankarnir fari á markað að hluta til. Það veitir aðhald og gefur markaðnum dýpri og betri upplýsingar um bankana. Ég held að það sé því alveg nauðsynlegt að fá alla bankana þrjá á markað en hversu stór hlutur verður seldur með þeim hætti er eitthvað sem er undir stjórnvöldum komið hverju sinni. Þau hafa sagst ætla að halda eftir minnihluta í Landsbankanum og ég held að það sé góð nálgun."

Þannig að skráning Arion banka getur flýtt fyrir söluferli ríkisins á bönkunum? „Ég held að það gæti verið skynsamlegt en um leið þarf að gæta mjög að því að sem best verð fáist fyrir hlutina. Þar verður að horfa til þeirra atriða sem hægt er að stýra. Þannig þarf ég, sem bankastjóri Landsbankans, að líta til þess hvað ég get gert til að bæta rekstur bankans. Stjórnvöld þurfa að sama skapi að huga að bankaskattinum og að sömu reglur gildi um banka og aðra aðila á fjármálamarkaði. Við sem stýrum Landsbankanum þurfum að vera tilbúin í slaginn þegar ákvörðun verður tekin um að hefja söluferlið."

Smærri fjármálafyrirtæki eru að hasla sér völl á erlendum mörkuðum, til dæmis með því að opna skrifstofur í London, núna þegar búið að er afnema fjármagnshöft. Hefur Landsbankinn uppi einhver slík áform?

„Ég ætla ekki að opna skrifstofu í London í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er algjör óþarfi fyrir Landsbankann að vera með starfsaðstöðu þar. Það sem ég hef meiri áhuga á er að gefa viðskiptavinum okkar hér á landi enn betri aðgang að erlendum fjármálamörkuðum og gera það þá frekar í samstarfi við erlendar fjármálastofnanir. Við höfum gætt að því að viðhalda okkar viðskiptasamböndum erlendis og búum að mjög góðri stöðu að því leyti. Okkar sérfræðiþekking er augljóslega mest á íslenska markaðnum og hefðbundinn viðskiptabanki eins og Landsbankinn er ekki að fara að flytja hana úr landi."

Skotsilfur

Flokksgæðingur

Þór Saari, nýr bankaráðsmaður Seðlabankans, gagnrýndi pólitískar skipanir í ráðið harðlega í ræðu á Alþingi 2009. Þá var hann þingmaður Borgarahreyfingarinnar og sagði það lágmarkskröfu að ráðið væri skipað á faglegum forsendum. Það ætti ekki að vera „kaffisamsæti flokksgæðinga sem eru ábyrgðarlausir í störfum sínum“. Þór fékk bitlinginn fyrir hollustu sína við Pírata en launaði þeim greiðann með því að lýsa yfir stuðningi við Sósíalistaflokk Gunnars Smára sem ætlar að færa völdin aftur í hendur fólksins.

Næsti forstjóri?

Jakob Sigurðsson staldraði stutt við í forstjórastóli VÍS en hann hefur verið ráðinn forstjóri breska efnaframleiðandans Vixtrex, átta mánuðum eftir að hann tók til starfa hjá tryggingafélaginu. Ljóst er að ráðningarferlið á nýjum forstjóra VÍS, sem verður í höndum Capacent, mun taka lengri tíma en þegar Jakob var ráðinn í starfið með skömmum fyrirvara í lok ágúst 2016. Á meðal þeirra sem helst eru nefndir sem eftirmenn Jakobs er **Sigurður Hannesson**, framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku, en sumir hluthafar og þáverandi stjórnarmenn VÍS vildu fá hann í starfið síðastliðið haust.

Vinstrisending

Ólafía B. Rafnsdóttir, fyrrverandi formaður VR, var í gær ráðin aðstoðarmaður Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra. Benedikt sem leiðir, eins og alkunna er, miðjuflokkinn Viðreisn fann sinn nýja aðstoðarmann á vinstri væng stjórnmálanna. Ólafía hefur lengi verið viðloðandi Samfylkinguna og var orðrómur um að hún myndi jafnvel bjóða sig fram fyrir flokkinn í alþingiskosningunum í haust. Í ársbyrjun 2013 aðstoðaði hún Árna Pál Árnason við að ná kjöri til formanns flokksins og kom að vinnu við framboð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur til sama embættis 2005.

Bréfin hækkuðu eftir úrslitin í Frakklandi

Það var nóg að gera hjá miðlurum í Kauphöllinni í New York á mánudag þegar hlutabréf hækkuðu í kjölfar niðurstöðu fyrri umferðar frönsku forsetakosninganna. Úrslit þeirra höfðu jákvæð áhrif enda talin hafa aukið líkurnar á að bæði ESB og evran standi nú styrkari fótum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Heimurinn þarf meiri lausatök í peningamálum – Ísland minni

Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Í hverjum mánuði gefur fyrirtæki mitt, Markets & Money Advisory, út rit um peningamálastefnu víða um heim þar sem fjallað er um 25 lönd – þar á meðal er auðvitað Ísland. Á föstudaginn birtum við næstu útgáfu af Global Monetary Conditions Monitor. Ég get ekki upplýst of mikið um innihaldið en ég get horft til baka á þróunina síðasta mánuðinn.

Fyrir mánuði sögðum við að peningamálastefnan í löndunum 25 sem við fjöllum um í Monitor væri almennt vel stillt til að ná verðbólgumarkmiðum landanna.

En við vöruðum einnig við hættumerkjum hjá sumum af þeim sem við köllum peningaleg stórveldi (Global Monetary Superpowers). Þannig undirstrikuðum við sérstaklega að það væri hætta á ótímabærri aðhaldsstefnu í peningamálum, bæði hjá Seðlabanka Bandaríkjanna og kínverska Alþýðubankanum þar sem hættan á verðbólgu bæði í Bandaríkjunum og Kína væri minni en sem nemi verðbólgumarkmiðum þessara landa.

Síðasta mánuðinn hafa áhyggjur okkar því miður ekki minnkað af hættunni á ótímabærri aðhaldsstefnu og báðir vísar okkar fyrir peningamarkaðsskilyrði, verðbólga og markaðsvæntingar, gefa til kynna að síðasta mánuðinn hafi peningamarkaðsskilyrði orðið (örlítið) aðhaldssamari hjá peningalegu stórveldunum og þannig hafi aukist hættan á að seðlabankar nái ekki verðbólgumarkmiðum sínum. Þessa gætir sérstaklega í verðbólguvæntingum skuldabréfamarkaða sem hafa lækkað á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum eftir að stjórnvöld á báðum stöðum hafa komið fram með herskáar yfirlýsingar sem benda til aðhaldssamari peningamarkaðsskilyrða.

Að því sögðu skal tekið fram að aðhaldssamari peningamarkaðsskilyrði í heiminum eru enn sem komið er ekki kvíðvænleg og almennt eru peningamarkaðsskilyrði nokkurn veginn hlutlaus, en vísbendingar eru engu að síður um að hættan á verðbólgu sé lítil og að í peningalegu stórveldunum sé ekki þörf á hertum peningamarkaðsskilyrðum.

Frá sjónarhorni Íslendinga eru örlítið aðhaldssamari peningamarkaðsskilyrði í heiminum reyndar nokkuð góðar fréttir því það dregur úr þörfinni fyrir herta peningamálastefnu á Íslandi. Að því sögðu er það mín skoðun að peningamálastefnan á Íslandi sé allt of lausbeisluð og að verðbólguþrýstingur á Íslandi sé miklu meiri en almennt er viðurkennt af álitsgjöfum og Seðlabankanum.

Svo þótt evrusvæðið og Bandaríkin þurfi ekki á hertari peningamálastefnu að halda (miðað við væntingar markaðanna) er það sannarlega ekki tilfellið á Íslandi. Seðlabankinn verður að takast á við þá staðreynd að peningamarkaðsskilyrðin eru of lausbeisluð.

Að lokum: Sú staðreynd að Ísland þarf hertari peningamálastefnu, en evrusvæðið þarf alls ekki á slíku að halda, sýnir líka greinilega af hverju upptaka evrunnar á Íslandi væri mjög slæm hugmynd. Ísland og evrusvæðið eru einfaldlega ekki það sem hagfræðingar kalla hagkvæmt myntsvæði (og það er evrusvæðið sjálft ekki heldur).

Baksýnisspegill nýju fata keisarans

Helga Hlín Hákonardóttir hdl., meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategíu og FKA-félagskona

„Old boys club“ stjórnarmenn – með virðingarstöðu og tiltölulega gagnrýnislausa stimplun á tillögum forstjóra og viðkvæðið um að „svona hefur þetta alltaf verið gert“ eru á hröðu undanhaldi. Hið sama á við um einráða forstjóra sem nýta sér völd til hins ýtrasta til ákvarðanatöku.

Nú til dags vekja ákvarðanir stjórna almennt litla athygli og er það ekki fyrr en ákvörðun reynist röng, mistök eiga sér stað eða markmið nást ekki – að athyglin beinist að viðkomandi stjórn. Baksýnisspegillinn er sjaldnast örlátur á fyrirgefningu syndanna – hvort heldur syndirnar eru raunverulegar eða um er að ræða réttlætanleg mistök miðað við það sem menn gátu vitað á þeim tíma sem ákvörðun var tekin.

Í nokkrum hrunmálanna er fjallað um óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir. Í hæstaréttardómi nr. 456/2015 var gerð krafa um að stjórnandi færði „sönnur á að hann hafi verulega vikið frá þeim starfsháttum sem honum hlaut að vera ljóst að af honum væri krafist“. Þar fór baksýnisspegillinn fram á fáheyrða öfuga sönnunarbyrði sakbornings.

En þessi pistill dugar ekki til að ræða um hrunmálin. Tilgangurinn er miklu heldur sá að minna stjórnarmenn á að í vandaðri ákvarðanatöku getur falist að rýna í og viðurkenna takmarkanir stjórnarinnar. Kalla til hagaðila og sérfróða aðila sem geta lagt lóð á vogarskálarnar, deilt þekkingu og afstöðu sinni – og veitt þannig betri forsendur fyrir ákvörðun.

Meðvirkni tengd nýju fötum keisarans er á hröðu undanhaldi. Skipuleg kortlagning á þekkingu og reynslu stjórnarmanna og takmörkunum þar á er mikilvægt fyrsta skref. Sjálfsmat stjórnar er eðli málsins samkvæmt takmarkað og líklegt til að viðhalda gömlum vinnubrögðum. Árangursríkara er reglubundið árangursmat utanaðkomandi ráðgjafa á stórfum stjórnar og einstakra stjórnarmanna. Að ógleymdum utanaðkomandi sérfræðingum sem kallaðir eru til á einstökum sviðum s.s. varðandi upplýsingaöryggi, stafræna þróun, lögfræði frá a-ö, fjárfestatengsl og svo má lengi telja.

En í upphafi skyldi endinn skoða. Samkvæmt starfsreglum stjórna ættu einstakir stjórnarmenn að eiga rétt á að leita utanaðkomandi ráðgjafar á kostnað félagsins vegna málefna stjórnar. Álit manna á klæðaburði keisarans kann nefnilega að vera mismunandi og ekki verra ef gengið er óhikað eftir því að hann standist skoðun þegar á reynir og bent á ef svo er ekki. Ekki síst ef spegla þarf sig í baksýnisspeglinum.

„Elja hefur útvegað okkur alla þá starfsmenn sem okkur hefur vantað og ég hef nú þegar mælt með þjónustu þeirra til annarra fyrirtækja.“

Magni Helgason,
mannauðsstjóri ÍAV

elja

Starfsmannaþjónusta

Þarftu að ráða starfsfólk?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 26. apríl 2017

visir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

Puttinn í stíflugatinu

Leigubílaþjónustan Uber hefur hætt starfsemi í Danmörku, að minnsta kosti tímabundið, eftir að ný lög tóku gildi í landinu sem þrengja verulega að starfseminni. Samkvæmt lögunum skulu allir leigubílar útbúnir með sérstökum hætti, og meðal annars vera með sýnilegan gjaldmæli og sérstaka nema sem telja fjölda farþega.

Allur þessi útbúnaður er nú þegar til staðar í hefðbundnum leigubílum. Vissulega er það ekki sagt beint út en lögunum er auðvitað beint sérstaklega gegn Uber. Þar hafa kvartanir bílstjóra hefðbundinna leigubíla, sem fyrir eru á markaðnum, og hagsmunasamtaka þeirra haft mest að segja.

Það er nefnilega svo að þjónusta Uber er betri en hefðbundinna leigubíla. Þú pantar bílinn gegnum þar til gert app, getur fylgst með í rauntíma hvenær bíllinn kemur og valið þér sérstaka tegund bíls. Ofan á allt saman er Uber alla jafna talsvert ódýrari en þeir sem fyrir eru á markaðnum.

Lagasetningin er því ekki í þágu neytenda, heldur hagsmunahóps sem ýmislegt bendir til að hafi tapað tilverugrundvellinum. Neytendur sitja uppi með hærri reikning og verri þjónustu.

Uber hefur boðað að þeir hyggist sækja rétt sinn vegna þessara sérsniðnu aðgangshindrana. Þeir eru í svipuðum sporum á mörgum öðrum mörkuðum, t.d. í Frakklandi og á Bretlandi, þar sem yfirvöld hafa lagt misstóra steina í götu Uber. Vonandi sigrar réttlætið og neytendur í leiðinni.

Akstur leigubifreiða á Íslandi er eins og víða annars staðar einokunarbransi. Þeir einir sem fengið hafa atvinnuleyfi frá Samgöngustofu og tengdir eru bifreiðastöðvum geta ekið leigubíl. Bifreiðastöðvar eru fimm og fjöldatakmarkanir eru á leyfum.

Gjaldskrá leigubifreiða er samræmd, þú greiðir eftir sömu gjaldskrá hvar sem þú stígur upp í leigubíl, óháð gæðum bifreiðar, reynslu bílstjórans eða öðrum þáttum sem máli skipta.

Engar praktískar ástæður eru fyrir því að viðhalda núverandi kerfi hér á landi. **Þeir sem** fara með löggjafarvaldið ættu að rakna úr rotinu og greiða götu framfara frekar en að setja puttann í stíflugatið. Einungis þannig vinna þeir fyrir hagsmuni fjöldans í stað þess að láta fáa háværa ráða för. Stíflan brestur um síðir.

Sitja í stjórn Chasing Iceland

Karl Garðarsson, fyrrverandi þingmaður

Karl Garðarsson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, og Steinn Kári Ragnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri DV, sitja nú báðir í stjórn ferðaþjónustufyrirtækisins Chasing Iceland. Karl stofnaði fyrirtækið nýverið, eins og kom fram í DV á þriðjudag, og er að eigin sögn eini hluthafi þess. Í samtali við Markaðinn útilokar hann ekki að breytingar verði á eignarhaldi fyrirtækisins en hann og Steinn Kári unnu áður saman þegar Karl var ritstjóri Blaðsins og hinn síðarnefndi auglýsingastjóri fjölmiðilsins. – hg

24.4.2017

Már er búinn að reka þetta mál áfram af gríðarlegri hörku og fantaskap og að sjálfsögðu er löngu kominn tími til að maðurinn víki.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja

Ítalska tónskáldið og píanóleikarinn Ludovico Einaudi verður með tónleika í Eldborgarsal Hörpu þann 17. júlí.

Einaudi leikur þar úrval verka af nýjustu plötu sinni „Elements" auk fjölda annarra verka frá hans magnaða tónsmíðaferli.

Elements inniheldur tólf hljóðverk þar sem leikið er á píanó, strengjahljóðfæri, slagverk, gítar og rafhljóðfæri. Verkin eru innblásin af frumþáttum náttúrunnar, stærðfræði og vísinda, ólíkum tónlistar stefnum og listaverkum.

„Hann er mitt á milli hafta klassískrar tónlistar og ákafa poppmelódíunnar."

The INDEPENDENT

„Píanisti á Guðs vegum."

The Daily Telegraph

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA NÚNA Á TIX.IS EÐA Í MIÐASÖLU HÖRPU SÍMA - 528 5050

PROVENTS tix.is

Brúðkaupskvöld

Kúnígúnd á Laugavegi 53 býður tilvonandi brúðhjón hjartanlega velkomin fimmtudagskvöldið 27. apríl frá 18 - 20

Ráðgjöf um samsetningu brúðargjafalista, kökusmakk frá Sandholt bakarí, tilboð í Gull&Silfur hinum megin við götuna og vínsmakk í boði Rolf Johansen & co. – Allt á einum stað.

KitchenAid · Villeroy & Boch 1748 · GEORG JENSEN · ROYAL COPENHAGEN · WMF · LE CREUSET

Veglegir vinningar í boði fyrir gesti sem skrá sig í gjafaleik kvöldsins.

1. ***KitchenAid hrærivél að andvirði 89.995 krónur***
2. ***Cobra lampi frá Georg Jensen að andvirði 74.990 krónur***
3. ***LeCreuset pottur og panna að andvirði 73.990 krónur***

Komið og eigið ánægjulega kvöldstund á Laugaveginum þar sem þið fáið margþætta og fagmannlega ráðgjöf um það helsta sem huga þarf að fyrir brúðkaupið.

Gull&Silfur · SANDHOLT REYKJAVÍK

15% kaupauki til brúðhjóna

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

Brúðhjón sem stofna brúðargjafalista hjá Kúnígúnd fá 15% kaupauka frá versluninni.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

26. APRÍL 2017 MIÐVIKUDAGUR

Merkisatburðir

1834 Tvö skip og fjórtán bátar fórust í skyndilegu ofsaveðri á Faxaflóa og með þeim 42 menn.

1944 Gamall öskuhaugur kom í ljós þegar verið var að grafa fyrir húsi í Tjarnargötu í Reykjavík. Þar fundust bein úr svínum, geirfugli og fleiri dýrum. Jafnvel var talið að þetta hefði verið öskuhaugur Ingólfs Arnarsonar.

1966 Akraborg kom í síðasta sinn til Borgarness. Þá hafði áætlunarferðum með skipum milli Reykjavíkur og Borgarness verið haldið uppi í hálfan áttunda áratug.

1991 Sorpa, móttöku- og flokkunarstöð Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins í Gufunesi, var formlega tekin í notkun.

Maðurinn minn,

Steingrímur Pálsson

Ásvallagötu 5,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 22. apríl.

Ingibjörg Pála Jónsdóttir

Elskuleg móðir okkar, amma, dóttir og systir,

Nanna Hafdís Sigfúsdóttir

fædd 10. febrúar 1967,
lést 17. apríl 2017.
Útförin fer fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,

Hafdís Dögg Sigurjónsdóttir og Arndís Hrefna Sigurjónsdóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hólmfríður Guðrún Sveinsdóttir

Sléttuvegi 19,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 20. apríl, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 4. maí kl. 13.00.

Jóna Magnúsdóttir
Freyja Magnúsdóttir
Sigurður Óli Sumarliðason
Pétur Þór Jónasson
barnabörn og langömmubörn.

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þorbjörg Jónasdóttir

(Dúbba)

fv. stöðvarst. Pósts og síma á Flateyri,

lést á Landspítalanum 21. apríl sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. apríl nk. kl. 11.00. Blóm afþökkuð, en bent á björgunarsveitina Sæbjörg á Flateyri, kt. 470290-2509, banki: 154-26-10272.

Guðmundur Jónas Kristjánsson
María Kristín Kristjánsdóttir
Sigurbjörn Svavarsson
Kristjana Þorbjörg Sigurbjörnsdóttir
Jóhann Bragi Fjalldal
Björn Þór Sigurbjörnsson
Freyja María Fjalldal, Sigurbjörn Kári Fjalldal,
Katrín Margrét Fjalldal

Elskulegur eiginmaður, faðir og sonur,

Friðfinnur Hermannsson

viðskiptafræðingur og ráðgjafi,
Hjallabrekku 30, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans að morgni 17. apríl. Útförin fer fram í Lindakirkju, Kópavogi, föstudaginn 28. apríl klukkan 13.00.

Berglind Svavarsdóttir
Freyr Friðfinnsson
Ari Friðfinnsson
Sólveig Birna Friðfinnsdóttir
Guðríður Friðfinnsdóttir
Hermann Árnason

Stýrir tónlistarhátíð í Berlín

Anna Jóna Dungal, 26 ára námsmaður í Berlín, fékk merkilegt verkefni á dögunum sem snýst um að stýra stórri tónlistarhátíð í Berlín. Þetta er í sjötta sinn sem hátíðin er haldin en undanfarin ár hafa um 4.500 gestir sótt hátíðina. Í ár verða nýjar áherslur að sögn Önnu.

Anna Jóna Dungal hefur búið í Berlín frá árinu 2014 og hefur á skömmum tíma skapað sér mögnuð tækifæri. „Ég flutti hingað í lok sumars 2014. Ég eyddi fyrstu árunum í að taka að mér alls konar verkefni í kringum tónlistarbransann hérna úti en var alltaf að leita mér að háskólanámi sem myndi henta. Það var svo fyrir rúmu ári sem ég heyrði að BIMM Institute væri búið að opna háskóla í Berlín með svokallaðri „music business"-braut," útskýrir Anna Jóna sem heillaðist og sótti um. Hún segir námið vera fjölbreytt en aðallega einblína á hvernig skal taka hvers konar listræna hugmynd og þróa hana í viðskiptamódel.

Þó að Anna Jóna sé nýlega byrjuð í náminu er boltinn strax farinn að rúlla og nú stýrir hún Berlin Midsommar Festival-tónlistarhátíðinni. „Eftir að hafa tekið að mér minni verkefni fyrir Nordic By Nature, sem er fyrirtækið sem rekur hátíðina, þá bauðst mér þetta magnaða tækifæri snemma á árinu. Þó svo að það sé nóg að gera hjá mér í skólanum og öðrum verkefnum þá stóðst ég ekki mátið. Að fá svona tækifæri sem nemandi á fyrsta ári var líka eiginlega alveg ótrúlegt."

Hátíðin í ár er sú sjötta sem haldin er og Anna Jóna segir verkefnið fara vel af stað en búist er við um 4.500 gestum. „Hingað til hefur gengið mjög vel. Við erum gott teymi en fyrir tilviljun erum við eingöngu konur að vinna fyrir Nordic By Nature þetta árið."

Berlin Midsommar Festival-hátíðin sem Anna Jóna stýrir er haldin á stóru útisvæði í Friedrichshain-hverfinu í miðborg Berlínar seint í júní. MYND/ÚR EINKASAFNI

> Að fá svona tækifæri sem nemandi á fyrsta ári var líka eiginlega alveg ótrúlegt.

Hátíðin verður algjörlega vegan í ár

Spurð nánar út í hátíðina og helstu áherslur segir Anna Jóna: „Hingað til hefur áherslan verið á að kynna skandinavíska menningu fyrir Berlínarbúum. Hátíðin stendur yfir frá eftirmiðdegi langt fram á morgun en við bjóðum upp á leiki, alls konar mat, dans í kringum maístöng, blómakrans-vinnustofu, tónleika með skandinavískum hljómsveitum og svo plötusnúða fram eftir nóttu. Áherslan hefur alltaf verið á að kynna kvenkynstónlistarmenn en í ár var sú ákvörðun tekin að Berlin Midsommar Festival yrði fyrsta algjörlega vegan tónlistarhátíðin í Þýskalandi."

Í ár er PETA ZWEI styrktaraðili og þá var ákvörðunin um að gera hátíðina vegan tekin. „Aðaláskorunin akkúrat núna er að finna upp á vegan útgáfum af síld og jarðarberjarjómaköku!"

Spurð hvað sé á döfinni kveðst Anna Jóna fíla sig vel í Berlín og hún er því ekkert að flýta sér aftur til Íslands. „Ég á enn þá rúm tvö ár eftir af skólanum og líður mjög vel í Berlín. Fyrir utan Midsommar hefur fókusinn verið á tónleikaröð sem ég stofnaði með þremur samnemendum mínum, Basement Bash, þar sem við sköpum vettvang fyrir hljómsveitir úr skólanum til að spila með meira „established" hljómsveitum í Berlín. Þó mér finnist alltaf yndislegt að koma í heimsókn til Íslands þá get ég ekki sagt að ég stefni á að flytja heim, tækifærin eru bara svo mörg og fjölbreytt hérna úti. En, ég meina, aldrei segja aldrei."

gudnyhronn@365.is

Elskuleg systir mín,

Ragnhildur Þórarinsdóttir

(Didda)

Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 22. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 28. apríl kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Gyða Þórarinsdóttir

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorsteinn Kolbeins

bifreiðastjóri,
Dunhaga 17,

lést að kvöldi 22. apríl á hjúkrunarheimilinu Grund. Jarðarför auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Rósa Þorláksdóttir

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru dóttur, systur, fósturdóttur og frænku,

Maríu Ísfoldar Steinunnardóttur

Dvergabakka 22, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til vinkvenna Maríu fyrir ómetanlegan stuðning.

Steinunn Traustadóttir
Rakel H. Skarphéðinsdóttir
Ágúst Ingi Skarphéðinsson
Skarphéðinn H. Einarsson
Sigrún Kristófersdóttir
Leó Augusto Martins
Óliver Tiago Martins
Högna H. Lúðvíksdóttir

Elsku eiginmaður minn, pabbi og bróðir,

Ægir Steinn Sveinþórsson

viðskiptafræðingur MBA og stýrimaður,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 17. apríl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 28. apríl klukkan 13.00. Bestu þakkir fær starfsfólk deildar 11e á Landspítalanum fyrir einstakan stuðning og hlýju.

Helga Hanna Sigurðardóttir
Ásta Ægisdóttir
Silja Ægisdóttir
Pétur Ragnar Sveinþórsson

tl.is

NÝ NETVERSLUN TÖLVULISTANS!

ENGINN SENDINGARKOSTNAÐUR Í APRÍL!

VIÐ SENDUM HEIM AÐ DYRUM EÐA Á PÓSTHÚS ÁN AUKAKOSTNAÐAR.

MEIRA EN 2.000 TÖLVUR OG TÖLVUVÖRUR Á LÆGRA VERÐI Á WWW.TL.IS!

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	AKRANES
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRTORG	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 464 1600	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	Sími 431 3333

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Suðvestlæg átt og rakt víðast hvar sunnan og vestan til en vorveður með sólarglennum og hita allt að 14 stigum austan- og suðaustanlands í dag. Heldur svalara vestan til en styttir upp og lægir þegar líður á daginn.



Fimmtudagur	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
	4°	2°	5°
	8	10	11
	Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
	6°	5°	0°
	10	4	15

Föstudagur	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
	6°	1°	3°
	14	10	5
	Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
	6°	5°	0°
	17	8	11

LÉTT

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
				5		4	2	
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8			7	4	
1			6	2	4	3		

MIÐLUNGS

3	7				8		5	
			5					
	9	1		7	3			
						5		
8	4	3			5			
9	6		7	2			1	
2				9			3	
		8	6			9		2
	5		4				7	

ÞUNG

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2		5			1			

Skák Gunnar Björnsson

Ingvar Þór Jóhannesson (Hugin) átti leik gegn Páli Þórhallssyni (Reykjanesbæ).

20. Dg6! (20. Rg6+ vinnur líka.) **20... Dxg5** (20...hxg6 21. Rxg6#.) **21. Dxg5** og hvítur vann skömmu síðar.

www.skak.is: Allt um Íslandsmót skákfélaga.

2	4	7	1	5	8	3	6	9
9	1	3	2	6	7	4	5	8
5	6	8	9	3	4	7	1	2
3	2	5	4	7	6	8	9	1
1	7	4	5	8	9	2	3	6
6	8	9	3	1	2	5	7	4
4	3	6	7	2	1	9	8	5
7	9	1	8	4	5	6	2	3
8	5	2	6	9	3	1	4	7

4	8	1	5	3	2	9	6	7
3	7	6	8	9	4	2	1	5
2	9	5	1	6	7	3	4	8
5	1	7	2	4	8	6	3	9
6	2	9	7	5	3	4	8	1
8	3	4	9	1	6	5	7	2
9	4	8	3	2	1	7	5	6
7	5	3	6	8	9	1	2	4
1	6	2	4	7	5	8	9	3

5	4	8	7	1	2	9	6	3
6	7	1	9	3	5	8	4	2
9	2	3	8	6	4	1	5	7
4	5	2	6	9	3	7	8	1
7	3	6	1	4	8	2	9	5
8	1	9	2	5	7	4	3	6
1	8	4	3	2	6	5	7	9
3	9	5	4	7	1	6	2	8
2	6	7	5	8	9	3	1	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Krossgáta

LÁRÉTT
2. stagl
6. klafi
8. höld
9. jarðsprunga
11. komast
12. samfestingur
14. flækja
16. pot
17. óhróður
18. óðagot
20. tvíhljóði
21. traðkaði

LÓÐRÉTT
1. kjaft
3. strit
4. fornt ríki
5. skjön
7. trantur
10. fiskur
13. uppistaða
15. innyfli
16. einatt
19. eldsneyti

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT: 2. tafs, 6. ok, 8. tók, 9. gjá, 11. ná, 12. gallil, 14. flóki, 16. ot, 17. níð, 18. fum, 20. au, 21. tróð.
LÓÐRÉTT: 1. gogg, 3. at, 4. Fonika, 5. ska, 7. kjaftur, 10. áll, 13. lón, 15. iður, 16. oft, 19. mó.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Við erum komin í Hafnarfjörðinn
við hliðina á Bónus
gæludýr.is



ALLTAF VIÐ HÖNDINA
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum App Store Google Play Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

ÉG ER EINHVERFUR OG UPPLIFI HEIMINN DÁLÍTIÐ ÖÐRUVÍSI EN AÐRIR

Heilsaðu upp á Dag á blarapril.is
Hann er einhverfur og hefur frá ýmsu að segja



Magga Stína og Ólöf Breiðfjörð með fimmtu bekkingum í Smáraskóla og kennurum þeirra. Allir eru í stuði.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Snilligáfa barna blómstrar

Menningu og skoðunum barna og unglinga er gert hátt undir höfði á barnamenningarhátíðum sem standa út vikuna í Reykjavík og Kópavogi. Seltirningar halda sína hátíð á morgun á Eiðistorgi.

Þema Barnamenningarhátíðar í Reykjavík er Jörðin okkar og af verkefnum tengdum því má nefna sýninguna Allt fullt af engu í Dalskóla í Úlfarsárdal. Hún fjallar um ofgnóttina og verður á föstudaginn milli klukkan 11.30 og 12.

Svo tæpt sé á fleiri dagskrárliðum þá verða útitónleikar í Björnslundi, Elliðavaði 15, klukkan 17 í dag, þar koma börn og unglingar úr Norðlingaholti fram. Hæfileikakeppni unglinga hefst svo í Austurbæjarbíói klukkan 19.30 í kvöld þar sem snilligáfa þeirra fær að njóta sín. Ævintýrahöllin nefnist viðburður í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina. Hátíðinni í borginni lýkur þar á sunnudaginn með stóru „rave“-partíi.

Kópavogsbúar halda sína barnamenningarhátíð um leið og Reykvíkingar í ár, hún er fyrir allan aldur, að sögn Ólafar Breiðfjörð hjá Listhúsum Kópavogs. „Einn af hápunktunum er raftónlistarnámskeið sem Steinunn eldflaug verður með í Molanum. Hún ætlar að opna augu krakka á unglingastigi fyrir því hvað hægt er að gera hluti á einfaldan hátt,“ lýsir hún.

Annað sem Ólöf nefnir með stolti er námskeið tónlistarkonunnar Möggu Stínu fyrir 5. bekkinga Smáraskóla. Þar sýnir hún þeim hvernig hægt er að gera ólíka hluti út frá hefðbundnum þjóðlögum. „Á lokadegi hátíðarinnar á laugardaginn verður samkoma með Möggu Stínu, þessum krökkum og hópi úr tónlistarskólanum í Salnum klukkan 14. Þar syngja börnin, dansa og spila. Bæjarlistamaðurinn, Ásgeir Ásgeirsson, verður þar með allt aðra útgáfu af þjóðlögum, þannig að gestir Salarins fá að heyra þjóðlög útfærð á ótal vegu,“ lýsir hún.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, setur Barnamenningarhátíð Seltjarnarness á morgun klukkan 17 á Eiðistorgi. Torgið verður vettvangur hátíðarinnar ásamt bókasafninu og Gallerí Gróttu. Listamenn ungu kynslóðarinnar á nesinu troða upp svo sem lúðrasveitin, hópur flautuleikara og söngvara úr Tónó, stúlknabandið Stjúpmæðurnar, freestyle-dansarar úr Való, Samféskeppendur og elstu bekkingar grunnskólans sýna atriði úr Bugsy Malone. gun@frettabladid.is

Á opnunarhátíðinni í gær fluttu 700 leikskólabörn á vegum Tónskóla Sigursveins lög Ólafs Hauks Símonarsonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

EINN AF HÁPUNKTUNUM ER RAFTÓNLISTARNÁMSKEIÐ SEM STEINUNN ELDFLAUG VERÐUR MEÐ Í MOLANUM. HÚN ÆTLAR AÐ OPNA AUGU KRAKKA Á UNGLINGASTIGI FYRIR ÞVÍ HVAÐ HÆGT ER AÐ GERA HLUTI Á EINFALDAN HÁTT

UPPHITUN FÖSTUDAG 20:00 SPORT

pepsi®

MÖRKIN

SPORT BESTA SÆTIÐ SÍMI 1817 | 365.IS | 365



Góða skemmtun í bíó

Útsöluaðilar:
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum

Dreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**

Hvað? Hvenær? Hvar?
Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

26. APRÍL 2017

Tónlist

Hvað? Múlinn Jazzklúbbur – Andrés Þór kvintett
Hvenær? 21.00
Hvar? Harpa
Andrés Þór er í fremstu röð íslenskra djassgítarleikara og tónlist hans hefur hlotið góðar viðtökur. Á síðasta ári kom út fimmti sólódiskur hans sem inniheldur nýja frumsamda tónlist. Á tónleikunum leikur Andrés eigin tónlist, sérstaklega útfærða fyrir þennan kvintett.

Hvað? Tófa, Wesen og Ceasetone á Húrra
Hvenær? 20.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Í kvöld munu hljómsveitirnar Tófa, Wesen og Ceasetone henda í tónleika á Húrra. Ef þú vilt láta hrera í heilanum á þér, slamma og dansa, njóta fegurðar og ljótleika til jafns, verða hlýtt í hjartanu og fá spark í andlitið og skemmta þér alveg fáránlega vel skaltu ekki láta þig vanta.

Hvað? Don Lockwood Band
Hvenær? 20.00
Hvar? Slippbarinn, Mýrargötu
Kokteilar og Don Lockwood Band á Slippbarnum í kvöld.

Hvað? DJ Housekell
Hvenær? 21.00
Hvar? Prikið, Bankastræti
Sjálfur Housekell spilar safaríkt house fyrir gesti Priksins í kvöld. Það er ekki hægt að missa af því.

Viðburðir

Hvað? Listasmiðja fyrir miðstig í grunnskóla

Steiney Skúladóttir og hinir hressu krakkarnir í spunahópnum Improv Ísland verða með sýningu í kvöld, hvorki meira né minna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hvenær? 11.00
Hvar? Listasafn Íslands
Listasmiðja fyrir miðstig í grunnskóla í dag klukkan 11. Smiðjan byggir á vídeóverkinu Með þökk frá árinu 2002 eftir Gjörningaklúbbinn.

Hvað? Gildi og hugsjónir í íþróttum og menntun: Erum við á réttri leið?
Hvenær? 12.00
Hvar? Litla torg, Háskóli Íslands
Í dag klukkan 12.00-16.30 á Litla torgi í Háskóla Íslands fer fram málstofa um mikilvægi gilda í menntun og íþróttaþjálfun barna.

Hvað? Og þarna var ég sex sumur: Bókakaffi í Gerðubergi
Hvenær? 20.00
Hvar? Gerðuberg
Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir fjallar um sveitadvöl barna í íslenskum bókmenntum í síðasta bókakaffi misserisins.

Hvað? Pöbb-kviss Listfræðafélags Íslands
Hvenær? 20.00
Hvar? Sólon Bistró, Bankastræti
Hin árlega spurningakeppni eða pöbb-kviss Listfræðafélagsins verður haldin á efri hæðinni á Sólon Bistró í Bankastræti í dag. Sigurvegarar síðasta árs, Aðalheiður Valgeirsdóttir og Dagný Heiðdal, sjá um spurningarnar sem spanna óravíddir listasögunnar og má því búast við spennandi og fjölbreyttri keppni.

Hvað? Improv Ísland
Hvenær? 20.00
Hvar? Þjóðleikhúskjallarinn
Síðasta sýning vetrarins hjá spunahópnum Improv Ísland.

Hvað? Partí Karókí með Þórunni Antoníu
Hvenær? 22.00
Hvar? Sæta svínið, Hafnarstræti
Partí og karókí á sama tíma í boði Þórunnar Antoníu, ekki slæmt. Það tekur pottþétt einhver Africa með Toto.

Hvað? Kristján Steingrímur
Hvenær? 11.00
Hvar? BERG Contemporary, Klapparstíg
Kristján Steingrímur sýnir um þessar mundir verk frá 20 ára tímabili í BERG Contemporary.

Hvað? Hádegisfundur: Skipulagsleysi, málþóf og gæði lagasetningar: Raunmyndir af störfum Alþingis
Hvenær? 12.00
Hvar? Oddi, Háskóla Íslands
Félag stjórnmálafræðinga stendur fyrir, í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, hádegisfundi þar sem Haukur Arnþórsson mun flytja erindi undir yfirskriftinni „Skipulagsleysi, málþóf og gæði lagasetningar: Raunmyndir af störfum Alþingis“. Í erindinu ræðir Haukur um skipulag, málþóf og gæði lagasetningar á Alþingi frá því það var sameinað í eina deild árið 1991. Við sameininguna var myndaður gagnagrunnur um þingmál, þingmenn og þingfundi og notar Haukur gögn hans til þess að greina hvernig þingið hefur starfað – og setur hann þær upplýsingar í samhengi við kenningar um þjóðþing og rannsóknir á störfum þeirra í öðrum ríkjum.

Hvað? Málstofa í lyfjafræðideild
Hvenær? 12.10
Hvar? Hagi, Háskóla Íslands
Dr. Takayuki Furuishi, School of Pharmacy, Hoshi University, Tókýó, Japan, verður með fyrirlestur í lyfjafræðideild í Haga, Hofsvallagötu 53. Fyrirlesturinn verður haldinn á ensku, allir velkomnir.

Hvað? Málstofa í hreyfivísindum
Hvenær? 13.00
Hvar? Stapi, Háskóla Íslands
Á árlegri málstofu í hreyfivísindum munu framhaldsnemar í hreyfivísindum flytja erindi sín og í kjölfar hvers þeirra er áætlaður tími í umræður. Málstofulok og lukkutími verða kl. 16.00.

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Welcome to Norway 18:00, 20:00
Spólað yfir hafið 18:00
Safari 18:00
Afterimage 20:00
Moonlight 20:00
Glory 22:00
The Other Side Of Hope 22:30
I, Daniel Blake 22:00



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
ÚRSLIT RÁÐAST Í KVÖLD!
SKÓLAHREYSTI
Úrslit ráðast í Skólahreysti í kvöld þegar tólf grunnskólar keppa til sigurs í Laugardalshöll. Úrslitaskólarnir eru Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Brekkuskóli, Brúarásskóli, Foldaskóli, Holtaskóli, Grunnskóli Bolungarvíkur, Grunnskólinn í Stykkishólmi, Lindaskóli, Laugalækjarskóli, Síðuskóli, Varmahlíðarskóli og Stóru-Vogaskóli. Það er ókeypis inn og við hvetjum alla til að mæta og styðja skólann sinn. Keppnin verður sýnd í beinni útsendingu á RÚV kl. 20:15.
/skolahreysti
#skolahreysti
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÓLAHREYSTI ER Í BOÐI LANDSBANKANS

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

Hún er leikstjóri, leikkona, söngkona og svo margt fleira. Hún er komin heim í Garðabæinn þar sem hún býr í fallegri íbúð með tveimur börnum sínum. Næsti viðmælandi Sindra er Selma Björnsdóttir.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

BONES

Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum.

WENTWORTH

Dramatískir spennuþættir um Bea Smith sem situr inni fyrir tilraun til morðs á eiginmanni sínum og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.

THE IMMORTAL LIFE OF HENRIETTA LACKS

Frábær mynd, byggð á sönnum atburðum, og fjallar um stórkostlega sögu Henriettu Lacks sem þjáðist af krabbameini. Með aðalhlutverk fara Oprah Winfrey og Rose Byrne.

CHANGELING

Myndin gerist á þriðja áratug síðustu aldar og segir frá einstæðri móður sem verður fyrir því að syni hennar er rænt.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Heiða
07.50 The Middle
08.15 The Mindy Project
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Spurningabomban
11.10 Um land allt
11.55 Matargleði Evu
12.35 Nágrannar
13.00 Spilakvöld
13.45 Feðgar á ferð
14.10 Á uppleið
14.35 Major Crimes
15.20 Schitt's Creek
15.45 Glee
16.30 Simpson-fjölskyldan
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Víkingalottó
19.25 Mom
19.50 Heimsókn
20.15 **Bones** Tólfta og jafnframt síðasta syrpan af þessum frábæru þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
21.00 **Wentworth** Fjórða serían af þessum dramatísku spennuþáttum um Bea Smith sem situr inni fyrir tilraun til manndráps og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.
21.45 The Immortal Life of Henrietta Lacks
23.15 Real Time with Bill Maher
00.15 The Blacklist: Redemption
01.00 NCIS: New Orleans
01.45 Prison Break
02.30 Vinyl
03.30 Quarry
04.20 Togetherness
04.50 Transparent
05.20 The Middle
05.45 Ellen

STÖÐ 2 SPORT

07.25 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
07.50 Chelsea - Southampton
09.30 Hull City - Watford
11.15 Messan
12.45 KR - Grindavík
14.25 Snæfell - Keflavík
15.50 Domino's körfuboltakvöld
16.20 Premier League Review
17.10 Chelsea - Southampton
18.50 Crystal Palace - Tottenham
21.00 Arsenal - Leicester
22.40 Middlesbrough - Sunderland
00.20 Keflavík - Snæfell

STÖÐ 2 SPORT 2

07.15 Premier League Review
08.10 NBA Oklahoma City Thunder - Houston Rockets
10.25 Sevilla - Granada
12.05 Real Madrid - Barcelona
13.50 Spænsku mörkin
14.20 Football League Show
14.50 Ensku bikarmörkin
15.20 Bournemouth - Middlesbrough
17.05 West Ham United - Everton
18.50 Keflavík - Snæfell
21.30 Barcelona - Osasuna
23.10 Deportivo - Real Madrid
00.50 Crystal Palace - Tottenham

STÖÐ 3

17.30 Mike & Molly
17.50 2 Broke Girls
18.15 Anger Management
18.40 Modern Family
19.05 Curb Your Enthusiasm
19.40 Hlemmavídeó
20.10 Gulli byggir
20.40 Man Seeking Woman
21.05 Supernatural
21.50 Vinyl
22.45 Veep
23.15 Curb Your Enthusiasm
23.45 Hlemmavídeó
00.15 Gulli byggir
00.40 Man Seeking Woman
01.05 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveins
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Víkingurinn Viggó
09.11 Zigby
09.25 Stóri og Litli
09.38 Brunabílarnir
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveins
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Víkingurinn Viggó
13.11 Zigby
13.25 Stóri og Litli
13.38 Brunabílarnir
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveins
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Víkingurinn Viggó
17.11 Zigby
17.25 Stóri og Litli
17.38 Brunabílarnir
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Skógardýrið Húgó

Svampur Sveins kl. 07.24, 11.24 og 15.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 Valero Texas Open
13.00 Golfing World
13.50 Valero Texas Open
18.20 Golfing World
19.10 Champions Tour Highlights
20.05 PGA Highlights
21.00 Estrella Damm Mediterranean

BÍÓSTÖÐIN

13.00 Grandma
14.20 Becoming Warren Buffett
15.50 Elsa & Fred
17.30 **Grandma** Gamanmynd frá 2015. Þegar Elle er nýhætt með kærustunni kemur barnabarn hennar, Sage, óvænt í heimsókn og biður hana um að lána sér 600 Bandaríkjadali fyrir sólarupprás, þar sem hún ætlar að fara í fóstureyðingu. Amma Elle er frekar blönk, og þær verða því að leita allra leiða til að finna peningana.
18.50 **Becoming Warren Buffett** Heimildarmynd um milljarðamæringinn Warren Buffett.
20.20 **Elsa & Fred** Rómantísk gamanmynd frá 2014 með Shirley MacLaine og Christopher Plummer. Fred er í sárum eftir að eiginkona hans deyr og ákveður að fara að ráðum dóttur sinnar um að flytja í minni íbúð. Þar kynnist hann fljótlega hinni lífsglöðu Elsu sem er fljót að hrífa hann með sér út á lífið. Þegar Fred kemst síðan að því að Elsa er dauðvona ákveður hann að uppfylla eina af óskum hennar.
22.00 Changeling
00.20 Amy
02.30 From Paris with Love
04.05 Changeling

RÚV

16.15 Alla leið
17.20 Úr gullkistu RÚV: Út og suður
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Finnbogi og Felix
18.18 Sígildar teiknimyndir
18.20 Gló magnaða
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Skólahreysti
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Ungdómurinn vestanhafs
23.15 Veröld Ginu
23.45 Kastljós
00.20 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.25 Dr. Phil
09.05 90210
09.50 Jane the Virgin
10.35 Síminn + Spotify
13.30 Dr. Phil
14.10 Black-ish
14.35 Katherine Mills: Mind Games
15.25 Man With a Plan
15.50 The Mick
16.10 Speechless
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 King of Queens
19.00 Arrested Development
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Difficult People
20.15 Survivor
21.00 Survivor
21.45 Quantico
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Californication
00.20 Jericho
01.05 The Catch
01.50 Scandal
02.35 Quantico
03.20 The Tonight Show
04.00 The Late Late Show
04.40 Síminn + Spotify

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

KK & MAGGI EIRÍKS
ÁSAMT HLJÓMSVEIT

Ferðalögin

Háskólabíó 20. maí

midi.is

Við kynnum nýju Tempur® Countour heilsudýnuna, hún er með QuickRefresh™ áklæði sem taka má af með rennilás og þvo. Dýnan er einnig fáanleg með CoolTouch™ áklæði. Komdu og upplifðu einstaka eiginleika Tempur og finndu þá dýnu sem hentar þér best.

* Byggt á viðtölum við 37.000 dýnueigendur í 13 löndum á árunum 2014–2015 þar sem Tempur-dýnueigendur, í öllum löndunum, mátu Tempur hærra á ánægjukvarða en eigendur dýna frá öðrum framleiðendum.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Sængurver og samhljómur raddanna

Sigríður Soffía Hafliðadóttir, hönnuður og kórstjóri hjá söngskólanum Domus Vox, hannar rúmfatalínu, sem stuðlar að kyrrð og ró.

Mig hefur alltaf langað að sjá myndirnar mínar á fallegum vörum sem myndu stuðla að aukinni slökun. Ég sjálf hef fundið fyrir kvíða og sæki þá í að teikna og mála," segir Sigríður Soffía Hafliðadóttir, kórstjóri og hönnuður, spurð út í rúmfatalínu sem hún hefur verið að hanna og stuðlar að ró og kyrrð.

Þegar Sigríður Soffía, eða Sigga Soffía eins og hún er oftast kölluð, eignaðist frumburðinn ákvað hún að láta gamlan draum verða að veruleika. En hún hefur í gegn um námið sitt í Listaháskóla Íslands verið að fást við samspil huga, handar og tónlistar.

„Það eru algjör forréttindi að fá að vinna við það sem maður elskar. Ég hóf samstarf við mág minn Ragnar á síðasta ári, við fórum að skoða möguleikann á ungbarnarúmfatalínu. Eftir gríðarlega sterk viðbrögð var svo ákveðið að bjóða einnig upp á fullorðinssett," segir hún ánægð.

Hugmyndin að hönnunarlínunni varð til í kring um mandöluteikningar Siggu Soffíu.

„Ég sæki í að teikna mynstur og svokallaðar doodle-teikningar. Ég fann fljótt að þetta væri mín leið til aukinnar slökunar og vellíðunar. Það þróaðist síðan yfir í mandölurnar. Eftir að hafa kynnt mér þetta dáleiðandi, samhverfa form sá ég hversu merkingarþrunginn táknheimur þess var og heillaðist ég af því. Orðið mandala kemur úr sanskrít og þýðir hringur. Formið hefur ekkert upphaf og engan endi og er tákn fyrir hringrás lífsins og notað til hugleiðslu," útskýrir hún.

Hönnunarlínan heitir Blómkollur en nafnið kemur úr grasafræði og stendur fyrir hnattlaga blómskipan.

„Þegar kom að því að velja efni fyrir rúmfötin skoðuðum við marga framleiðendur og niðurstaðan varð sú að bjóða upp á 100% 400 þráða satínbómull með oeko-tex gæðavottun," segir Sigga Soffía og bætir við að hún sé virkilega ánægð með það efnisval.

Sigríður Soffía Hafliðadóttir hannar rúmfatalínu með fallegu mynstri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Seint talin sérfræðingur

Í gegnum tíðina hefur Sigga Soffía fylgst vel með hönnun en segir þó sjálf að hún verði seint talin sérfræðingur í þeim efnum, en hennar sérsvið hefur alla tíð verið tónlist.

„Í vöruþróuninni sjálfri hefur Ragnar mágur minn verið með sterka sýn. Ég hef mikinn áhuga á myndlist en mitt sérsvið hefur alla tíð verið tónlistin. Þegar ég hugsa um það þá sæki ég innblástur minn til listarinnar í sinni víðustu skilgreiningu. Ég á það til að blanda þessu öllu saman," segir Sigga Soffía.

Nýlega hófst söfnun fyrir verkefninu á Karolinafund og gefst þar fólki tækifæri til að forpanta rúmfötin.

„Í framtíðinni, ef allt gengur eftir, langar mig til að koma rúmfötunum í frekari dreifingu en núna gefst fólki tækifæri til að hjálpa til við að gera þetta verkefni mögulegt með því að forpanta rúmfötin," segir Sigga Soffía spennt.

Blómkollar eru fáanlegir bæði sem ungbarnarúmföt og í venjulegri stærð. MYND/SIGGA

Í FRAMTÍÐINNI, EF ALLT GENGUR EFTIR, LANGAR MIG TIL AÐ KOMA RÚMFÖTUNUM Í FREKARI DREIFINGU.

Aðspurð hvort hún ætli að leggja fyrir sig meiri hönnun í framtíðinni segir hún að það sé alveg líklegt.

„Mér finnst þetta mjög gaman eins og er. Ég er rétt að byrja en Blómkollur hefur háleita drauma. Þær vörur myndu allar eiga það sameiginlegt að vera hágæðavörur sem stuðla að aukinni slökun og bættri líðan," segir Sigga Soffía.

gudrunjona@frettabladid.is

OFURTILBOÐ

5 FYRIR 4
AF ÖLLUM PIZZUM

KAUPTU 5 PIZZUR AÐ EIGIN VALI EN BORGAÐU FYRIR 4.
GILDIR UM ALLAR PIZZUR

Iceland Stone Baked
Verð **499** Kr. Pk.

Chicago Town Takeaway
Verð **899** Kr. Pk.

TILBOÐ
Ristorante Pizzur
Verð **399** Kr. Pk.

TILBOÐ
Chicago Town - 2 í pakka
Verð **299** Kr. Pk.

Iceland Stuffed Crust
Verð **699** Kr. Pk.

Thin & Crispy og Deep Pan pizzur
Verð **399** Kr. Pk.

Iceland Wood Fired
Verð **599** Kr. Pk.

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Lodge járnpanna, 26 cm
Verð 8.900 kr.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LEMACKS • jl.is • SÍA

CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Nýjasta plata Úlfur Úlfur ber titilinn Hefnið okkar og var tekin upp á skömmum tíma síðasta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Myrkur og grín

Úlfur Úlfur gaf í gær út þrjú myndbönd, öll við lög sem verða á plötunni Hefnið okkar sem kemur út á föstudaginn. Þeir hafa spilað talsvert í austurhluta Evrópu þar sem þeir njóta nokkurra vinsælda.

Við gerðum það sama með þessi myndbönd og plötuna sem kemur á föstudaginn – við þögðum einfaldlega. Orðum fylgir svo mikil djöfulsins ábyrgð og svo höfum við alltaf fílað svona „shock factor“ dæmi. Sparka upp hurðinni óboðnir með fangið fullt af kræsingum,“ segir Arnar Freyr Frostason, annar meðlimur rappdúettsins Úlfur Úlfur sem gaf út ekki eitt heldur þrjú myndbönd í gær. Á mánudaginn var héldu þeir frumsýningarpartí og komu gestum á óvart með þessum fjölda myndbanda – og kórónuðu svo veisluna með að tilkynna um nýja plötu.

„Myndböndin eru öllu unnin með uppáhaldsleikstjóranum okkar, Magnúsi Leifssyni, sem gerði bæði Tarantúlur og Brennum allt með okkur. Heildarkonseptið er einhver árekstur eða samsuða á milli framtíðar og fortíðar. Við erum allir sci-fi-perrar og við gerð myndbandanna fengum við prýðilega útrás fyrir það, sérstaklega í Geimvera.“

Segðu mér aðeins frá nýju plötunni ykkar. Verða gestir? Hverjir koma að þessu með ykkur, ef einhverjir? „Nýja platan, Hefnið okkar, kemur út á föstudaginn. Tvær plánetur sem kom út 2015 var samansafn af lögum sem urðu til á þremur árum

> **Í HREINSKILNI SAGT ÞÁ SKILJUM VIÐ EIGINLEGA EKKERT AFHVERJU ÞETTA ER AÐ VIRKA. EN FYRST ÞETTA GERIR ÞAÐ ÞÁ KEMUR EKKI ANNAÐ TIL GREINA EN AÐ LÁTA BARA VAÐA**

en Hefnið okkar varð öll til á örfáum mánuðum síðastliðið haust. Ég held að fólk muni finna fyrir þessum mun.

Sándlega séð erum við á miklu betri stað en áður. Við höfum afmarkað okkar persónulega hljóm mjög vel. Hefnið okkar hljómar eins og við höfum alltaf látið okkur dreyma um að hljóma en hvorki haft getuna né reynsluna til að framkvæma – fyrr en núna. Það hefur alltaf verið nóg af myrkri í tónlistinni okkar og það er enn þá nóg af því en að mínu mati er jafnframt meiri húmor í gangi en áður. Myrkur og grín – það erum við.

Það eru engir formlegir gestir á plötunni: lögin, raddirnar og textarnir er allt okkar. Björn Valur, plötusnúðurinn okkar, var okkur samt innan handar í gegnum allt ferlið og lét m.a. finna fyrir sér í Bróðir og Mávar. Gestalausar rappplötur eru ekki algengar en á þessum tímapunkti á ferlinum þá dauðlangaði okkur einfaldlega að gera það – treysta ekki á neinn nema okkur sjálfa. Þetta einfaldar síðan allan lifandi flutning – núna þurfum við ekki að angra Kött Grá Pje jafn oft seint á kvöldin og grátbiðja hann um að koma í partí og garga BRENNUM ALLT! með stírur í augunum.“

Þið hafið verið að spila slatta austarlega í Evrópu upp á síðkastið – hví þá? „Við spiluðum fyrst í Varsjá síðastliðið haust, þá í boði pólsks teymis sem hafði séð okkur á Airwaves. Við fórum út með engar væntingar en snerum heim harðákveðnir í því að kýla á þetta, sá fræjum um alla Evrópu og vinna nánar með pólskum samstarfsaðilum. Síðastliðinn mánuð höfum við spilað á festivölum í Eistlandi og Póllandi og í maí förum við á festival í Rotterdam.

Núna erum við bara að fara vandlega yfir tilboð sem okkur hafa borist og reyna að setja saman veglegan túr í haust um Evrópu. Nú þegar er búið að staðfesta okkur í Rússlandi, Ungverjalandi, Slóveníu og Þýskalandi. Ég hlæ bara við tilhugsunina því í hreinskilni sagt þá skiljum við eiginlega ekkert af hverju þetta er að virka. En fyrst þetta gerir það þá kemur ekki annað til greina en að láta bara vaða. Ég er ringlaður og spenntur á sama tíma og dýrka það.“

stefanthor@frettabladid.is

Manuela Ósk er hætt á Snapchat

Fyrirsætan Manuela Ósk Harðardóttir greindi frá því í gær að hún væri hætt á Snapchat.

„Sú staðreynd að það sé til grúppa sem heitir Vonda systir (með augljóslega einn tilgang) útrýmdi löngun minni til að halda áfram að deila lífi mínu á samfélagsmiðlum. Takk fyrir samfylgdina,“ skrifaði Manuela Ósk á Snapchat en forsagan er sú að mikil umræða spratt upp í Facebook-hópnum Vonda systir í kjölfar þess að Manuela tjáði sig um

Manuela Ósk Harðardóttir

líkamsvöxt Kim Kardashian.

Umræðan inn á Vonda systir-hópnum virðist hafa gert útslagið fyrir Manuelu en þar var hún sökuð um „body-shaming“.

„Ég veit ekki alveg hvar ég á að byrja, en ég ætla að setja smá hérna inn því þetta verður síðasta storyið sem ég set inn,“ sagði Manuela meðal annars í gær.

Hún greindi svo frá því að hún ætli að halda áfram að nota forritið til að eiga samskipti við vini og vandamenn, en hún ætlar ekki að hafa svokallað opið Snapchat lengur í þeim skilningi að allir sem hafa áhuga geti fylgst með því sem hún setur inn. **– gha**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

MÚMÍNÁLFAR Í SÖNGVAFERÐ

6. MAÍ

LAU **06** MAÍ 14:00 / 16:00

Erkki Lasonpalo hljómsveitarstjóri

Egill Ólafsson og
Jóhanna Vigdís Arnardóttir einsöngvarar

Stúlknakór Reykjavíkur
Margrét Pálmadóttir kórstjóri

Hannele Huovi og Soili Perkiö
Múmínálfar í söngvaferð

© Moomin Characters™

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI
SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Kristínar Ólafsdóttur

„Hvað ertu að læra?“

Ég þarf oft að svara þessari spurningu. „Hvað ertu að læra?“ Ég meina, auðvitað. Ég er 24 ára í háskólanámi. Þetta er svona klassísk partí-, fjölskylduboða-, hittast-fyrir-tilviljun-á-skemmtistað-eftir-að-hafa-ekki-sést-lengi-spurning.

„Íslensku,“ segi ég. Og svo fylgja viðbrögð. Oft svolítið merkileg. Það slokknar ljós í augum fjarskyldrar frænku og hún segir, með einhverri óútskýranlegri deyfð: „Ókei, þannig að þú ætlar bara að verða kennari?“ Strákur í afmæli sameiginlegs vinar sem ég hef aldrei hitt áður segir hæðnislega: „Íslensku? Ég lærði hana sko í grunnskóla!“

Ég veit alveg að ókunnugi strákurinn er að grínast og frænkan er kannski eitthvað illa fyrir kölluð þennan tiltekna dag. En svona viðbrögð þvinga mann samt til umhugsunar. Ég var sko nefnilega einu sinni í verkfræði. Eina skelfilega önn sat ég ásamt 200 öðrum í sal í Háskólabíói og lærði línulega algebru. Mér fannst það ömurlegt en öðru fólki fannst það ótrúlega flott.

Þegar svarið við spurningunni var „verkfræði“ fékk ég yfirleitt viðbrögð í ætt við „VÁ! Dugleg!“ eða „Glæsilegt, það er auðvitað fullt af pening í því.“ Allt sagt með velþóknun. Engin undirliggjandi vorkunn yfir vegferð inn á eyðilendur hugvísindanna. Engin samúð yfir því að verða kannski „bara“ kennari.

Ég hugsaði einu sinni svona sjálf. Ég píndi mig í gegnum önn af verklegri eðlisfræði klukkan 8 á föstudagsmorgnum vegna þess að mér fannst tilhugsunin um framtíð öreigans í íslensku svo hryllileg. En svo ákvað ég að hætta að plata sjálfa mig.

Það er nefnilega alls konar fleira í þessu lífi en peningar. Til dæmis ástríða og hamingja. Og mér finnst að fleiri ættu að bera virðingu fyrir því.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS